

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/846
komudagur 23.1.2003

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 21. janúar 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting, minjaverðir o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin telur þær breytingar sem lagðar eru til, s.s. varðandi stöðu minjavarða, til bóta. Stjórnin saknar á hinn bóginn að ekki skuli jafnframt gerðar breytingar á 11. grein laganna og þeirri kvöð létt af sveitarfélögunum að bera allan kostnað af fornleifaskráningu eins og sett var í lög nr. 107/2001. Vísað er til ályktunar aðalfundar Eyþings 2002 um málið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

Fylgiskjal: Ályktun frá aðalfundi Eyþings 2002.

Fylgiskjal: Ályktun frá aðalfundi Eypings 2002

Fornleifaskráning sbr. nýmæli í þjóðminjalögum nr. 107/2001:

Aðalfundur Eypings, haldinn í Mývatnssveit 30. og 31. ágúst 2002, ályktar: Sú íþyngjandi kvöð um fornleifaskráningu sem lögð er á sveitarfélög með lögum nr.107/2001 er með öllu óviðunandi bæði hvað varðar kostnað og stjórnsýslu.

Aðalfundurinn krefst þess að löggin verði tekin til endurskoðunar að þessu leyti og að sveitarfélögum verði gefinn kostur á að hafa áhrif á þá endurskoðun.

Greinargerð:

Með lagasetningunni, 11. grein, er sveitarfélögunum falið að skrá allar fornminjar á landsvæðum sínum og bera af því allan kostnað. Löggin fela ekki í sér nein fjárframlög til að mæta þeim mikla kostnaði sem af þessu hlýst. Til dæmis er fjöldi fornleifastaða í Þingeyjarsveit 4.443 að mati Fornleifastofnunar Íslands. Í greinargerð með mótmælum Héraðsnefndar Þingeyinga, dagsettri 18. des. 2001, varðandi kostun fornleifaskráningar, kemur fram að meðalkostnaður við hverja skráningu er 3.500 krónur án vsk. Má því gera ráð fyrir að kostnaður Þingeyjarsveitar við fornleifaskráningu nemi um 19 milljónum króna eða 25.000 krónum á íbúa. Til samanburðar má geta þess að miðað við sömu krónutölu á íbúa nemi kostnaður Reykjavíkur við aðalskráningu fornleifastaða um 2.5 milljörðum króna.

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga dagsettri 25. jan. 2002, kemur fram að sjálfstæði minjavarða einstakra sveitarfélaga sé afnumið með lögnum og sé það óásættanlegt. Í annan stað kemur fram að með lögnum sé þjóðminjaverði falið óeðlilega mikið vald í hendur um framkvæmdir annarra. Hann ákveði hvort og hvenær í framkvæmdir skuli ráðist og með hvaða skilmálum, svo og hvaða rannsóknir skuli gerðar en aðrir greiði rannsóknarkostnaðinn. Slíkt fyrirkomulag sé algjörlega óásættanlegt. Enn femur er bent á að um sé að ræða breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sem fjalla þurfi um sérstaklega áður en nýjar lagaskyldur séu lagðar á sveitarfélögin. Þessi túlkun er athyglisverð í ljósi svarbréfs menntamálaráðherra, dagsettu 21. jan. 2002, við mótmælum Héraðsnefndar Þingeyinga þar sem fram kemur að ráðuneytið telji að engin efnisleg breyting hafi orðið með nýjum þjóðminjalögum nr. 107/2001 hvað varði kostnað við skráningu fornleifa. Svo virðist sem þarna birtist veruleg þversögn hvað varðar þennan kostnað.

Félag íslenskra fornleifafræðinga

Ægisíðu 56, IS-107 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 128/473

komudagur 4.12.2002

Reykjavík 04.12.2002

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001

Aðalfundur Félags íslenskra fornleifafræðinga haldinn 23. nóvember 2002 fól stjórn félagsins að koma á framfæri við menntamálaráðherra, menntamálanefnd og alþingismenn eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum sem mælt hefur verið fyrir á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst



fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra fornleifafræðinga
Garðar Guðmundsson, formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/780 **Félag íslenskra fornleifafræðinga**
komudagur 16.1.2003 Ægisíðu 56, IS-107 Reykjavík


Reykjavík 14.01.2003

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001

Stjórn Félags íslenskra fornleifafræðinga sendi háttvirtri menntamálanefnd Alþingis athugasemdir félagsins í byrjun desember síðastliðinn. Stjórnin telur ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Virðingarfyllst



fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra fornleifafræðinga
Garðar Guðmundsson, formaður

Hjálagt: Athugasemdir Félags íslenskra fornleifafræðinga, dagsettar 04.12.2002, við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Félag Íslenskra fornleifafræðinga

Ægisíðu 56, IS-107 Reykjavík

Reykjavík 04.12.2002

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001

Aðalfundur Félags íslenskra fornleifafræðinga haldinn 23. nóvember 2002 fól stjórn félagsins að koma á framfæri við menntamálaráðherra, menntamálanefnd og alþingismenn eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum sem mælt hefur verið fyrir á yfirstandandi þingi.

Breytingatillögur við 8. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001.

Með núgildandi þjóðminjalögum náðist fram sú mikilvæga breyting á skipulagi þjóðminjavörslunnar að stjórnsýsluþátturinn var skýrt og greinilega afmarkaður frá öðrum þáttum málaflokksins. Rökin fyrir þessum breytingum voru þau að verk á sviði fornleifavörslu, sem áður voru alfarið í höndum opinberra aðila, ern nú í æ ríkari mæli unnin af einkaaðilum. Þau lúta því lögmálum markaðarins og falla undir ákvæði samkeppnislaga. Það var orðið brýnt að þjóðminjalög tækju mið af þessu og kæmu í veg fyrir hættu á að sú starfsemi sem undir þau félli bryti í bága við samkeppnislög. Lögin mæla fyrir um stofnun Fornleifaverndar ríkisins sem annast stjórnsýsluþátt þjóðminjavörslunnar en hann heyrði áður undir Þjóðminjasafn Íslands.

Hjá Fornleifavernd hafa starfað 8 manns, þar af 4 minjaverðir sem áður voru starfsmenn Þjóðminjasafns. Með þeirri breytingu sem nú er boðuð á þjóðminjalögum, er lagt til að minjaverðirnir verði á ný starfsmenn Þjóðminjasafns á þeim forsendum m.a. að „...*hlutverk þeirra sé óljóst og að starfssvið þeirra hafi þrengst til muna frá því sem áður var. Áður höfðu minjaverðir eftirlit með gömlum húsum fyrir Þjóðminjasafnið og húsafriðunarnefnd og ráðgjöf fyrir byggðasöfnin, m.a. um varðveislu nýfundinna forngripa, auk þess að hafa eftirlit með fornminjum*“ (128. löggj.þing, þskj. 435, athugasemdir við 4. gr.). Taka má undir það að í núgildandi þjóðminjalögum er starfsvið minjavarða ekki skilgreint með skýrum hætti. Samkvæmt 8. gr. er þeim ætlað að „hafa umsjón með minjasvæðum samkvæmt nánari ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins“. Í þessu sambandi skal bent á að í 6. gr. núverandi þjóðminjalaga er kveðið á um verksvið Fornleifaverndar. Þar stendur m.a.: „*Fornleifavernd ríkisins er söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarögulegra minja er heyra undir starfssvið hennar. Fornleifavernd ríkisins hefur eftirlit með öllum fornleifarannsóknum og er hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um skráningu, rannsóknir og varðveislu fornleifa.*“ Að mati stjórnar FÍF verður af tilvitnaðri grein ekki betur séð en að stofnuninni sé skylt að sinna flestum þeim verkefnum sem fullyrt er í ofangreindri tilvitnun að minjaverðirnir, núverandi starfsmenn Fornleifaverndar, sinni ekki lengur.

Fornleifavernd ríkisins er ung stofnun í mótun og enn hefur ekki verið gefin út reglugerð með þjóðminjalögum þar sem kveðið er nánar á um starfsemi hennar. Það er því ekki óeðlilegt að ýmsum gæti virst hlutverk hennar óljóst. Fornleifaverndin er enn að þróa starfshætti sína og þarf tíma til að móta samskipti sín við aðra aðila innan stjórnkerfisins svo og söfn, einstaklinga og aðra er þurfa á þjónustu hennar að halda. Sá tími sem liðinn er frá stofnun

Fornleifaverndar er ekki nægur til að meta reynsluna af starfsemi hennar. Frá upphafi hefur Fornleifaverndinni verið mjög þröngur fjárhagslegur stakkur sniðinn þrátt fyrir brýna þörf á virkri verndun fornleifa. Nær væri að efla starf hennar með auknum fjárveitingum frekar en að skera stöðugildi niður um helming.

Í frumvarpi til breytinga á Þjóðminjalögum segir í 4. gr. að minjaverðir skuli „sinna verkefnum er varða þjóðminjavörsluna í heild, þ.m.t. fornminjum og húsafriðun.“ Að öðru leyti er ekki fjallað um starfsvið þeirra en gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um störf þeirra í reglugerð. Í athugasemdum með ofangreindu frumvarpi segir að „til að auka hlutverk og breikka starfssvið minjavarða á landsbyggðinni [sé] mikilvægt að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands þar sem starfsemi safnsins [sé] mun víðtækari en annarra stofnana þjóðminjavörslunnar, þ.e. Fornleifaverndar ríkisins og húsafriðunarnefndar ríkisins.“ (128. löggj.þing, þskj. 435, athugasemdir við 4. gr.) Þær fregnir sem FÍF hafa borist úr menntamálaráðuneytinu um útfærslu á starfssviði minjavarða bera með sér að ætlunin sé að minjaverðirnir starfi fyrir Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd. Með því að gera minjaverðina aftur að starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands, en láta þá áfram starfa fyrir Fornleifaverndina er stefnt í uppnám þeim tilgangi núgildandi þjóðminjalaga að skilja stjórnslupátt málaflokksins frá þeirri starfsemi Þjóðminjasafns Íslands sem fram fer á almennum samkeppnismarkaði. Einnig skerðir þessi fyrirhugaða breyting sjálfstæði Fornleifaverndar.

Með tillögum til breytinga á 8. grein þjóðminjalaga er mjög slakað á hæfnisskilyrðum minjavarða. Í núgildandi lögum skulu minjaverðir vera menntaðir fornleifafræðingar eða hafa menntun í menningarsögu. Í tillögunum er gert ráð fyrir að minjaverðir hafi ótilgreinda háskólamenntun og „þekkingu“ á menningarsögu. Af núgildandi þjóðminjalögum er ljóst að ýmis þau verkefni sem lúta að verndun fornleifa verða ekki unnin nema af þeim er hafa tilskilda menntun í fornleifafræði. Ef ætlunin er að fela minjavörðum verkefni er varða fornminjar er brýnt að tryggja að þá skorti ekki nauðsynlegan faglegan bakgrunn. Þess ber að geta að nú má búast við mikilli fjölgun í stétt fornleifafræðinga eftir að hafm var kennsla í greininni við Háskóla Íslands. Hætta á að ekki verði hægt að manna stöður þar sem krafist er háskólamenntunar í fornleifafræði verður því brátt úr sögunni.

Tillögur til breytinga á 13. gr. þjóðminjalaga.

Mikil framför er í að taka af tvímæli um hver beri kostnað af neyðarrannsóknnum, sbr. tillögur til breytinga á 13. gr. Til samræmis væri eðlilegt að í stað orðsins „neyðarrannsóknir“ komi „neyðaruppgreftir“.

Tillögur til breytinga á 15. gr. þjóðminjalaga.

FÍF bendir á að samkvæmt breytingartillögunum er gert ráð fyrir að hugtakið fornleifarannsókn verði skilgreint í 1. mgr. 15. gr., þannig að það taki annars vegar til fornleifauppgrafter og hins vegar fornleifaskráningar. FÍF vekur athygli á að hugtakið er miklu mun víðtækara en þarna kemur fram. Lagt er til að skilgreining fornleifarannsókna verði færð, þannig að hún verði 1. másl. 1. mgr. 15. gr. og að hún verði orðuð svo: „Til fornleifarannsókna telst m.a. fornleifauppgröftur og fornleifaskráning.“

Fagna ber því að nú er loks lagt til að hugtakið fornleifauppgröftur sé notað í stað fornleifarannsókna og það skilgreint í 1. másl., 2. mgr. 15 gr. Þó telur FÍF nauðsynlegt að bæta við skilgreininguna þannig að við bætist nýr másl., 2. másl. 2. mgr., sem hljóði svo:

„Fornleifauppgröftur felur jafnframt í sér úrvinnslu gagna, þ.m.t. forvörslu, og telst honum ekki lokið fyrir en skýrsla um uppgröftinn hefur verið birt.“ Til samræmis þarf að breyta orðalagi 1. mgr. 15. gr., sem yrði 2. másl. 1. mgr., þannig: „Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með fornleifauppgröftum í landinu.“


Samkvæmt þessu myndu 1. og 2. mgr. 15. gr. hljóða svo:

„Til fornleifarannsókna telst m.a. fornleifauppgröftur og fornleifaskráning. Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með fornleifauppgröftum í landinu.

Með fornleifauppgræfti er átt við hvers kyns jarðrask, sem fram fer í vísindalegum tilgangi og með það að markmiði að rannsaka jarðfastar fornleifar, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á rannsóknarsvæðinu. Fornleifauppgröftur felur jafnframt í sér úrvinnslu gagna, þ.m.t. forvörslu, og telst honum ekki lokið fyrir en skýrsla um uppgröftinn hefur verið birt.“

Bent skal á að í samræmi við ofangreinda breytingu hefur láðst að breyta orðinu „fornleifarannsókna“ í 1. másl. 3. mgr. 15. gr. í „fornleifauppgræfti“ og orðinu „fornleifarannsókna“ í 1. másl., 2. mgr. 6 gr. í „fornleifauppgræfti“.

Virðingarfyllst



fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra fornleifafræðinga
Garðar Guðmundsson, formaður



FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNA OG SAFNMANNA

Hnjóti Örlygshöfn, 15.01.03

Alþingi

Erindi nr. P 128/793

komudagur 17.1.2003

**Nefndasvið Alþingis:
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001, 382. mál

Félag íslenskra safna og safnmanna, þakkar menntamálanefnd Alþingis tækifærið að veita umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, 382. mál.

4. gr. frumvarpsins leggur til breytingu á 8. gr. þjóðminjalaga sem fjallar um skiptingu landsins í minjasvæði, minjavörsluna og embætti minjavarða. Stjórn FÍSOS, kemur þessi breytingartillaga nokkuð á óvart því lítil reynsla er komin á þessa nýju skipan og stutt síðan minjaverðir voru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands. Breytingar á þessum þætti eru því alls ekki tímabærar að álitum stjórnarinnar og réttara að gera þær í stærra samhengi, og í aðra átt með því að sameina Fornleifavernd ríkisins, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands og Örnefnastofnun undir eina stofnun, Minjavernd ríkisins.

Stjórnin telur að vandi minjavarða felist í öðrum þáttum en starfssviðinu eða hvort þeir verði starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins eða Þjóðminjasafns Íslands. Vandinn virðist miklu fremur snúa að fjármögnun á minjavarðaembættunum, sem er að hluta til skipt á milli ríkis og sveitafélaga eins og nú er háttáð. Starf minjavarða hefur liðið fyrir fjárskort, og þeir hafa oft ekki getað sinnt ýmsum verkefnum þar sem ætlast er til að sveitafélögin taki þátt í kostnaðinum. Þarna virðist ríkið vera að færa auknar álögur á sveitafélögin sem á sama tíma eru að reyna að reka metnaðarfullt safna- og minjastarf.

Hugsanlega getur verið vænlegra til árangurs að ríkið styðji betur við þennan þátt með vísan í ákvæði 8.gr. þjóðminjalaga að „Fornleifavernd ríkisins er heimilt að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi“. Með því er verið að styðja við þá þróun sem á sér nú þegar stað.

Aðalatriðið er þó að það er fyrst og fremst fjárskortur sem stendur minjavörslunni fyrir þrifum en ekki skipulagið.

Í 9. gr. er lagt til að fornleifaskráning teljist til fornleifarannsókna. Stjórnin telur það óþarfi að breyta 15. gr. núverandi þjóðminjalaga. Fornleifaskráning er að mörgu leiti sambærileg við húsakönnun, örnefnaskráningu, miðalýsingu osfrv. Með því að skilgreina skráninguna sem fornleifarannsókn er verið að þrengja skilgreininguna óþarflega mikið. Eftir sem áður sér Fornleifavernd ríkisins um eftirlit og samþykkir hverja fornleifaskráningu.



FÉLAG ÍSLENSKRA SAFNA OG SAFNMANNA

Í 11.gr. leggur stjórn FÍSOS til að „Þjóðminjavörður með samþykki minjaráðs ákvarði friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa“. Er það eðlilegt með hliðsjón af því að forstöðumenn og minjaráð á viðkomandi safnasvæði eru í meiri nánd við söfnuði og þær kirkjur sem umræðir.

Stjórn FÍSOS gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Stjórn Félags íslenskra safna og safnmanna.

Fornleifafræðingafélag Íslands
ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121
107 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2003.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Fornleifafræðingafélags Íslands (FFÍ) um frumvarp til laga um breytingar á gildandi þjóðminjalögum.

Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ) fjallaði um Frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum nr. 107/2001 á aðalfundi félagsins 9. janúar sl. Félagið vill gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 4. gr. frumvarpsins um breytingar á 8. gr. þjóðminjalaga er lagt til að minjaverðirnir verði færðir á ný undir yfirstjórn þjóðminjasafnsins. FFÍ telur fyrirhugaðar breytingar varðandi minjaverðina vera afturhvarf til þess skipulags sem var fyrir gildistöku núgildandi þjóðminjalaga og ýta auk þess undir óþarfa miðstýringu. Nái breytingatillögurnar fram að ganga verður verksvið Fornleifaverndar ríkisins ekki viðtækara en það sem fornleifanefnd hafði samkvæmt þjóðminjalögum sem giltu til ársins 2001. Þjóðminjasafnið verður auk þess dregið aftur inn í eftirlit með fornleifarannsóknum. Það myndi þýða að safnið gæti ekki lengur tekið þátt í rannsóknastarfi í landinu, því það sæti þá beggja vegna borðs sem framkvæmdaraðili og eftirlitsaðili í senn með eigin rannsóknum. Rétt er að benda á að lítil reynsla er komin á starfsemi Fornleifaverndar ríkisins, enda sú stofnun ekki nema rétt rúmlega árs gömul. Með það í huga telur FFÍ mikilvægt að Fornleifavernd ríkisins fái tilhlýðilegan tíma til að þróast sem stjórnsýslustofnun sem hefur því lögbundna hlutverki að gegna að hafa eftirlit með vernd og varðveislu jarðfastra fornleifa.

Í skýringum við 4. gr. frumvarpsins kemur fram að starfssvið minjavarðanna hafi þengst frá því sem var og að hlutverk þeirra sé enn óljóst, en þetta tvennt er sagt vera meginforsenda breytingatillagnanna. Það er skoðun félagsmanna FFÍ að úr þessu hafi mátt bæta með því að hraða skilum á reglugerð með nákvæmri skilgreiningu á starfsskyldum minjavarðanna, í stað þess að reyna að leysa meintan vanda með því að flytja þá undir aðra stofnun og rýra þar með lögbundið eftirlitshlutverk Fornleifaverndar ríkisins. Hvað varðar verksvið minjavarða sem ráðgjafa byggðasafna, þá má benda á að í dag starfar fagfólk á langflestum byggðasöfnum landsins sem er fullfært um að stjórna sínum söfnum án beinnar íhlutunar þjóðminjasafnsins. Staða byggðasafna, að því er skipulag og stjórnun varðar, hefur gjörbreyst á undanförunum árum með aukinni sérhæfni starfsfólks. Í stað þess að löggjafinn ýti undir slíka miðstýringu af hálfu þjóðminjasafns sem ríkisstofnunar ætti frekar að veita forstöðumönnum byggðasafna í eigu sveitarfélaga líkt og stjórnun

þeirra fullt umboð til að reka söfn sín í þágu síns byggðarlags. Söfnin geta sótt ráðgjöf til þeirra aðila sem þau kjósa sjálf, þurfi þau á því að halda. Þá telur FFÍ það engan veginn ásættanlegt að hæfniskröfur til minjavarðanna í fornleifafræði verði minnkaðar heldur beri að leggja áherslu á að minjaverðirnir hafi umtalsverða menntun og reynslu að baki í fornleifafræði, enda eigi þeir að halda hlutverki sínu sem eftirlitsaðilar með fornleifauppgreftri og fornleifaskráningu.


9. gr. frumvarpsins tekur til breytinga á 15. gr. gildandi þjóðminjalaga, sem fjallar um fornleifarannsóknir í landinu einkum þær sem fela í sér jarðrask og bundnar eru leyfisveitingu Fornleifaverndar ríkisins. FFÍ vill taka fram að fornleifarannsóknir ná yfir miklu breiðara svið en eingöngu uppgröft og skráningu. Þess vegna er lagt til að fyrirhuguð viðbót við 1. mgr. verði einfaldlega felld niður. Í stað þess verði 1. mgr breytt þannig að verksvið Fornleifaverndar ríkisins verði skýrara. Málsgreinin gæti hljóðað svo: “Fornleifavernd ríkisins annast eftirlit með fornleifauppgreftri og fornleifaskráningu í landinu”. Hins vegar er FFÍ samþykkt nýjum málslið við 2. mgr. í 15. gr. þjóðminjalaga, og leggur auk þess til að 3. mgr. verði einnig breytt í samræmi við þann málslið. Þ.e. að í stað “stað- og tímabundinna fornleifarannsókna” komi “stað- og tímabundinna fornleifauppgrafa”.

Í 3. mgr. sömu greinar er einnig kveðið á um það, að stjórnandi slíkra rannsókna “hafi tilskilda menntun í fornleifafræði”. Hvergi kemur þó fram í lögnum né í reglum um veitingu leyfa til fornleifarannsókna frá 11. apríl 2002, hvað “tilskilin menntun í fornleifafræði” þýði. FFÍ hefur fylgt þeirri stefnu að aðeins þeir sem hafa að baki heildstætt nám í fornleifafræði á grunn- og framhaldsstigum geti kallað sig fornleifafræðinga. FFÍ telur nauðsynlegt að stjórnvöld fjalli um starfsheiti fornleifafræðinga og menntun þeirra verði nákvæmlega skilgreind.

Að öðru leyti telur FFÍ frumvarpið mjög ásættanlegt. FFÍ hvetur stjórnvöld jafnframt til að halda áfram á þeirri braut sem lögð var við samþykkt þjóðminjalaga nr. 107/2001. Þá var valin sú leið að skapa fornleifaverndinni í landinu sjálfstæða stöðu með því að skilja fornleifavörsluna frá Þjóðminjasafni. Sá tímabæri aðskilnaður var jafnframt í samræmi við skipan minjavörslunnar í þeim Evrópuríkjum sem við viljum að öllu jöfnu líkja okkur við. Breytingatillögur frumvarpsins á 8. gr. nýrra þjóðminjalaga vinna gegn þessari jákvæðu þróun. Fornleifafræðingafélag Íslands vill því leggja áherslu á mikilvægi þess að 8. gr. laganna standi óbreytt áfram þar til Fornleifavernd ríkisins hefur fengið lágmarkstíma til að þróast sem stjórnsýslustofnun.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifafræðingafélags Íslands


Steinunn Kristjánsdóttir formaður


Kristján Mímísson ritari

Reykjavík 17. janúar 2003

Menntamálanefnd
Skrifstofu Alþingis
150 Reykjavík

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á Þjóðminjalögum, nr. 107/2001

Frumvarpið felur í sér nokkrar minniháttar lagfæringum sem eru til bóta, en megingilgangur þess kemur talsvert á óvart: Ráðist er í umtalsverðar breytingar á skipulagi Fornleifaverndar ríkisins áður en reynsla er komin á starfseminna, og engin skýr rök gefin um ókosti núverandi fyrirkomulags né væntanlegt hagræði við breytinguna. Hér skal minnt á að svo skammt er síðan að starfsemi Fornleifaverndar hófst, að menntamálaráðuneyti hefur ekki enn gefið út reglugerð um starf hennar, þar sem m.a. væru sett ákvæði sem leysa mögulegan vanda sem skapast vegna skörunar á starfssviðum fornleifaverndar, húsafriðunar og safnamála.

1.-2. gr. Engar athugasemdir

3. gr. Ekki er rétt að breyta 5. gr. laga um þátt Fornleifaverndar ríkisins í að stuðla að varðveislu gripa í kirkjum. Sjá athugasemd um 4. gr. hér að neðan.

4. gr. a) Rangt er : “Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu”. Engar samþykktir eru til á vegum borgarinnar um embætti borgarminjavarðar, og ekkert samkomulag er milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um að Reykjavík kosti eitt minjavarðarembætti á vegum Fornleifaverndar.

b) Í frumvarpinu er lagt til að færa minjaverði frá Fornleifavernd til Þjóðminjavarðar. Rökin sem gefin eru í athugasemdum með frumvarpinu eru veik. Vísað er til óánægju á landsbyggðinni og að starfssvið minjavarða sé óljóst.

Þegar stofnað var til Fornleifaverndar ríkisins á sínum tíma var öllum málsaðilum ljóst að minjaverðir myndu taka að sér tilfallandi verkefni út á landsbyggðinni á sviði húsafriðunar o.fl. Gert var ráð fyrir að taka á þeim málum í reglugerð með lögnum. Það er kúvendning á fyrri stefnu að færa minjaverði aftur til Þjóðminjasafns.

Hugmyndin með Þjóðminjalögum nr. 107/2001 var ekki aðeins að efla fornleifavernd og húsafriðun, heldur einnig að gefa Þjóðminjasafni meira svigrúm til safnastarfsins. Þjóðminjasafn hafði mörg, ólík hlutverk og átti í vaxandi erfiðleikum með að valda þeim. Sem dæmi má nefna stóðu aðalsýningar safnsins óbreyttar frá 1954 og þar til því var lokað vegna viðgerða fyrir fáeinum árum. Forvarsla, skráning og rannsóknir á gripum safnsins eru allt stór verkefni sem safnið hefur átt afar erfitt með að sinna. Fornleifavernd og húsavernd eru málaflókkar sem eru í mikilli sókn. Á næstu árum mun hlutverk stofnana á þessu sviði aukast verulega. Það er afturför að breyta stjórnarsýslumgjörð þeirra aftur í deild í Þjóðminjasafni. Eðlilegast væri að efla safnastarf Þjóðminjasafns.

Í stað þess að ráðast í jafn viðamikla breytingu nú, væri eðlilegra að setja reglugerð um Þjóðminjavörsluna þar sem fram kemur að minjaverðir séu starfsmenn fornleifaverndar, en annist tilfallandi eftirlit með húsum, kirkjum og gripum út á landi samkvæmt samkomulagi við

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

viðkomandi aðila, þ.e. húsafríðunar, safna, söfnuða og sveitarfélaga.

5.-6. gr. Engar athugasemdir.

7. gr. b. liður. Til viðbótar nýjum málslíð um neyðarrannsóknir við 13. gr. laganna væri æskilegt að bæta við eftirfarandi: Fornleifavernd skal leitast við að bjóða út allar neyðarrannsóknir sem vinna þarf á hennar vegum.

8.-10a gr. Engar athugasemdir.

10. gr. b. Í þjóðminjalögum er grein um notkun málmleitartækja. Þessi lagagrein var tekin upp í þjóðminjalögin 1989 að erlendri fyrirmynd en á ekki við hér. Notkun málmleitartækja sem tómstundagaman þekkist ekki á Íslandi enda eru aðstæður í jarðvegi hér ólíkar því sem gerist erlendis og forngripir fáir og fátæklegir. Einungis fornleifafræðingar munu nota slík tæki til fornleifaleitar, og engin ástæða er til þess að krefja þá um að leita sérstakrar heimildar. Ef könnun með málmleitartæki kallar á könnunargróft er skylt að sækja um leyfi til uppgrافتar samkvæmt öðrum greinum þjóðminjalaga.

11.-14. gr. Æskilegra væri að breyta ekki 20.-23. gr. laganna, sbr. það sem segir um hlutverk Þjóðminjasafns og Fornleifaverndar hér að ofan um 4. gr.

Auk þessara athugasemda við frumvarpið eru lagðar til eftirfarandi lagfæringar á núgildandi lögum:

Athugasemd við 7. gr. þjmlaga: Í greininni er kveðið á um skipan fornleifanevndar. Við afgreiðslu frumvarpsins á sínum tíma var gerð sú breyting á textanum að í stað þess að Félag íslenskra fornleifafræðinga skipaði 2 fulltrúa, þá segir “Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa”. Æskilegt væri að breyta þessu svo: “Félag íslenskra fornleifafræðinga tilnefnir tvo fulltrúa”. Einungis eitt félag er starfandi, þ.e. Félag íslenskra fornleifafræðinga. Félagsmenn þess eru nær allir starfandi fornleifafræðingar í landinu, félagið heldur fundi og ráðstefnur, hefur siðanefnd, orðanefnd og tekur þátt í samstarfi við systurfélög erlendis. Fyrir fáeinum árum var stofnaður lítill klofningshópur sem heitir Fornleifafræðingafélag Íslands. Það félag hefur enga starfsemi, en fékk engu að síður að skipa fulltrúa í nefndina. Samkvæmt reglum þessa nýja félags þá eru inntökuskilyrði svo ströng að ógerningur er fyrir venjulega fornleifafræðinga að ganga í félagið. Óeðlilegt er að stjórnvöld feli svonefndu félagi, sem telur aðeins um 3-4 félagsmenn að skipa í opinbera nefnd. Lagagreinin hefur stuðlað að því að viðhalda klofningnum, en eðlilegra væri að stuðla að samvinnu og sátt milli manna.

Athugasemd við 11. gr. þjmlaga: Óhætt er að sleppa eftirfarandi lið um skrá um friðlýstar fornleifar: “Fornleifavernd ríkisins lætur skrár þessar í té Þjóðminjasafni Íslands.” Eins og fram kemur í sömu grein þá gefur Fornleifavernd út skrá yfir friðlýstar fornleifar og engin nauðsyn er á að skylda stofnunina til að afhenda þau gögn einum aðila fremur en öðrum. Þróun á vettvangi upplýsingamála stjórnsýslunnar síðustu ár sýnir að gögn sem þessi verða sífellt aðgengilegri, auk þess sem Þjóðminjasafn hefur engu hlutverki að gegna varðandi friðlýstar fornleifar.

Með kærri kveðju,



Adolf Friðriksson
forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 128/795
komudagur 17.1.2003



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Garðabæ, 15. janúar 2003

Nefndasvið Alþingis
bt. menntamálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Mál: Frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um frumvarp til laga um breyting á þjóðminjalögum nr. 107/2001, 382 mál. Umfangsmestu breytingarnar sem snerta Fornleifavernd ríkisins er annars vegar flutningur minjavarða til Þjóðminjasafns Íslands og hins vegar að stjórnslá varðandi minningarmörk og kirkjugripi er einnig flutt yfir til safnsins.

Þar sem nefndin hefur óskað sérstaklega eftir álitum hluta starfsmanna Fornleifaverndarinnar, þ.e. minjavarðanna, þá er eftirfarandi umsögn sjónarmið starfsmanna stofnunarinnar í Garðabæ.

Breytingin sem var gerð á frumvarpi til þjóðminjalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000-2001 og varð að þjóðminjalögum nr. 107/2001 bar mjög brátt að. Komu fljótt í ljós hnökrar sem öllum aðilum var ljóst að nauðsynlegt væri að lagfæra. Fornleifavernd ríkisins fagnar þeim leiðréttingum. Fornleifavernd ríkisins óttast þó að ýmsar aðrar breytingar á lögnum verði til þess að gera þjóðminjavörsluna flóknari í stað þess að einfalda hana og auka vægi starfa minjavarða eins og stefnt er að með

breytingunum. Verður afstaða Fornleifaverndar ríkisins skýrð nánar í umfjöllun um hverja lagagrein fyrir sig.

1. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við þá breytingu sem gerð er á 2. gr. laga nr.107/2001 og telur eðlilegt að Húsafriðunarnefnd ríkisins komi hér inn í stað fornleifanefndar.

2. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir enga athugasemd við breytingu á 4. gr. laganna.

3. gr.

Hér er kveðið á um breytingar á stjórnsýsluþætti varðandi gripum í kirkjum landsins, þ.e. að stjórnsýslan verði færð aftur til Þjóðminjasafns Íslands. Breytingin hefur verið rökstudd með því að um sé að ræða gripum og að sérfræðipækking á kirkjugripum sé fyrir hendi í safninu og af þeim sökum sé eðlilegt að Þjóðminjasafnið sjái um þennan þátt stjórnsýslunnar.

Umsjón þessa þáttar er vissulega á gráu svæði og fer ákvörðun þar að lútandi eftir því hvers konar stofnanir stjórnvöld ákveða að Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins eigi að vera. Hvort það er ósk stjórnvalda að Þjóðminjasafn Íslands sé einnig stjórnsýslustofnun rétt eins og Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd, eða einbeiti sér að söfnun, rannsóknunum, varðveislu og miðlun á þjóðminjum.

Hér er um stjórnsýsluþátt að ræða og þekking á varðveislu kirkjugripa er nú þegar fyrir hendi hjá Fornleifavernd ríkisins.

Vert er að benda á 18. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 en þar er gert ráð fyrir að Fornleifavernd ríkisins hafi stjórnsýslu varðandi forngrípum sem finnast í jörðu.

4. gr.

Samkvæmt 4. grein laganna er gert ráð fyrir að minjaverðir flytjist aftur yfir til Þjóðminjasafns Íslands en starfi þó jafnframt fyrir Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd. Ástæður fyrir breytingunum eru nefndar óánægja á landsbyggðinni með hlutverk minjavarða samkvæmt þjóðminjalögum, að hlutverk þeirra sé óljóst og að

starfssvið þeirra hafi þrengst til muna frá því sem áður var. Áður hafi minjaverðir haft eftirlit með gömlum húsum fyrir Þjóðminjasafnið og Húsafriðunarnefnd og veitt byggðasöfnunum ráðgjöf, m.a. um varðveislu nýfundinna forngripa, og haft eftirlit með fornminjum. Einnig er í lagafrumvarpinu gert ráð fyrir að breyta kröfum um menntun þeirra þannig að þeir hafi háskólamenntun og þekkingu á menningarsögu í stað menntunar í fornleifafræði eins og nú.

Fornleifavernd ríkisins vill vekja athygli á að hér gætir misskilnings varðandi það að hvaða leyti starf minjavarða hefur breyst eftir að þeir urðu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins. Það er rétt að starfið breyttist, en ekki eins gagngert og hér er nefnt. Því til stuðnings og glöggvunar lætur Fornleifavernd ríkisins hér fylgja með starfslýsingu minjavarðar eins og starfi hans er háttað hjá Fornleifavernd ríkisins og einnig eins og því var háttað hjá Þjóðminjasafni Íslands. Jafnframt fylgir með hluti af drögum að ársskýrslu minjavarðar Norðurlands vestra 2002, með hans leyfi, til að sýna umfangið í starfi minjavarðar hjá Fornleifavernd ríkisins.

Skv. starfslýsingu var minjaverði ekki ætlað að sinna verkefnum varðandi húsasafn Þjóðminjasafnsins, en á því varð breyting svo sem síðar verður nefnt. Þeim var ætlað að veita umsögn vegna varðveisluverkefna Húsafriðunarnefndar. Minjaverði er einnig ætlað að vera söfnum og öðrum aðilum til ráðuneytis og ráðgjafar varðandi þau svið sem snúa að fornleifavernd, svo sem varðveislu minja, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. En þeim var ekki lengur ætlað eftir lagabreytinguna að samræma störf safnanna, söfnun minja og vinna við sýningar eins og áður. Enda starfa á landsbyggðasöfnunum aðrir sérfræðingar sem hafa fengist við slíkt lengi. Minjaverðir þeir sem ráðnir voru hjá Þjóðminjasafninu og starfa nú fyrir Fornleifavernd ríkisins voru valdir með það í huga að sinna fyrst og fremst minjum á útminjasviði Þjóðminjasafns, þ.e. fornleifum og húsum. Fyrri störf þeirra á sviði minjavörslu voru sérhæfð og ekki á því sviði sem nauðsynlegt er til að samræma störf safnanna landsins. Safnastarf er einn hlutur og fornleifavernd allt annar og krefst annarar þekkingar og reynslu.

Sá skilningur var lagður í þjóðminjalög nr. 107/2001 að með þeim yrði sú breyting á starfi minjavarða að þeir mættu ekki sinna fornleifaskráningu þar sem hún er á samkeppnismarkaði sem söfnin og einkaaðilar starfa á. Annað starfssvið sem þeir gátu ekki sinnt eftir lagabreytinguna voru fornleifarannsóknir aðrar en grunnrannsóknir sem

gerðar eru til þess að ákvarða eðli og umfang fornleifa, eða til að bjarga fornleifum. Leyfisveitinga- og eftirlitshlutverk stofnunarinnar gerir að þeir mega ekki taka þátt í öllum þeim umfangsmiklu og áhugaverðu fornleifarannsóknum sem söfn landsins og einkaaðilar standa fyrir. Þrátt fyrir það er starf minjaverðanna viðamikl þó svo sem starfslýsing þeirra ber með sér.

Samkeppnisumhverfið á sviði fornleifafræði og umsagnarhlutverk Fornleifaverndar ríkisins eiga sinn þátt í að Fornleifavernd ríkisins getur ekki nýtt minjaverðina nema að litlu leyti eftir flutninginn yfir til Þjóðminjasafns Íslands. Ef þeim er ætlað að starfa fyrir Fornleifavernd ríkisins eftir flutning til Þjóðminjasafnsins mun starf þeirra verða báðum megin borðsins. Það er innan stjórnsýslu hjá Fornleifaverndinni og hins vegar verða þeir starfsmenn rannsóknarstofnunarinnar Þjóðminjasafns Íslands, sem þeir eiga að hafa eftirlit með.

Þessi staðreynd takmarkar þau störf sem minjaverðirnir geta unnið fyrir Fornleifaverndina. Þeir gætu því ekki haft eftirlit með fornleifarannsóknum á sínu svæði, né tekið þátt í að veita leyfi til fornleifarannsókna eins og þeir gera nú. Þeir gætu ekki heldur tekið þátt í umsögnum vegna umhverfismats eða skipulagsmála. Því til útskýringar látum við fylgja eftirfarandi tvö dæmi:

Dæmi 1.

Í því ferli sem fram fer við mat á umhverfisáhrifum eru fengnir utanaðkomandi fornleifafræðingar til að skrá fornleifar og gefa álit á hugsanlegum afleiðingum framkvæmda á fornleifar. Fornleifavernd ríkisins byggir umsögn sína á þessum gögnum. Það kann þó að vera nauðsynlegt í einstaka tilfellum að senda fulltrúa stofnunarinnar á staðinn til að skoða aðstæður, t.d. þegar verið er að huga að möguleikum á flutningi veglínu eða legu háspennulínu frá þeim stað sem var í upphaflegu tillögnum. Í slíkum tilfellum er mikilvægt að hafa aðgang að starfsmönnum úti um landið. Rétt er að benda á að þessir starfsmenn geta ekki bæði sinnt slíkum verkefnum og síðan tekið að sér rannsókn sem hugsanlega þarf að fara fram í framhaldi af úrskurði umhverfismatsins.

Í verklagsreglum Fornleifaverndar ríkisins varðandi mat á umhverfisáhrifum eru m.a. eftirfarandi ákvæði:

Fylgjast þarf með því að framkvæmdaaðili uppfylli þær kröfur sem gerðar voru, flytji mannvirki til þar sem þess var krafist, merki fornleifar þar sem það á við og sæki um leyfi til að raska fornleifum þar sem það er óhjákvæmilegt og láti fornleifafræðing rannsaka viðkomandi fornleifar.

Minjaverðir og/ eða annar fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins hafa endanlegt eftirlit með því að rétt sé að málum staðið varðandi framkvæmdina.

Á undanförunum árum hefur þessi þáttur, eftirfylgnin, því miður verið vanræktur vegna skorts á starfsmönnum til að sinna honum. Með tilkomu minjavarðanna gafst tækifæri til að ráða bót á þessu. Séu minjaverðirnir ekki starfsmenn Fornleifaverndarinnar er spurning hvort hægt er að fela þeim þessi verkefni, hvort þeir hafi stjórnsýslulegt vald til þess? Allavega geta þeir ekki samtímis því að sinna slíku eftirlit tekið að sér að vinna viðkomandi rannsóknir.

Það eru einungis stærri framkvæmdir sem fara í umhverfismat, vegir lengri en 10 km, skógræktarsvæði stærri en 200 ha. o. s. frv. Það er augljóst mál að fornleifum getur stafað hætta af framkvæmdum sem eru innan þessara marka. Minjaverðirnir hafa lagt ríka áherslu á að komast í samband við aðila sem hafa með slíkar framkvæmdir að gera, svæðisfulltrúa Vegagerðarinnar, byggingarfulltrúa og aðra opinbera framkvæmdaraðila í héraði. Gott samband milli þessara aðila er besta tryggingin fyrir því að Fornleifaverndin fái upplýsingar um væntanlegar framkvæmdir og geti gert ráðstafanir til að fornleifum stafi ekki hætta af þeim. Það breytir að sjálfsgöðu stöðu minjavarðanna í þessu sambandi ef þeir eru ekki lengur hluti af því stjórnsýsluafli innan fornleifaverndarinnar sem þessi málefni heyra undir.

Á síðustu árum hafa verið stofnuð einkafyrirtæki sem taka að sér fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir. Fornleifavarsla, eftirlit með fornleifum, viðhald þeirra og merkingar, hafa á hinn bóginn setið á hakanum. Með stofnun Fornleifaverndar ríkisins var stigið stórt skerf í átt til bættrar fornleifavörslu í landinu. Auk hlutverks síns í stjórnsýslunni var minjavörðunum ætlað að gegna stóru hlutverki í fornleifavörslunni. Verkefnið eru mörg og viðamikil á sviði fornleifavörslunnar. Verði þau áfram á hendi minjavarða og þar með umfangsmikill hluti verksviðs þeirra er vandséð hvaða hlutverki það þjónar að gera þá að starfsmönnum annarrar stofnunar en Fornleifaverndar ríkisins.

Dæmi 2.

Minjaverðirnir gætu ekki heldur sinnt störfum sem lúta að skipulagsmálum ef þeim er jafnframt ætlað að skrá og rannsaka fornleifar vegna skipulags, svo sem starfsmönnum Þjóðminjasafns Íslands er leyfilegt. Ef þeir gerðu það sætu þeir báðum megin við borðið. Það gengur ekki út frá samkeppnissjónarmiði að minjavörður taki út svæði á skipulagsstigi, úrskurði um nauðsyn rannsóknar, taki að sér rannsókn sjálfur (eða annar starfsmaður Þjóðminjasafnsins) og að minjavörður hafi síðan eftirlit með þessari sömu rannsókn. Þetta merkir að í reynd þyrfti starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins að fara á staðinn, úrskurða um nauðsyn rannsóknar sem minjavörður gæti tekið að sér og gefið álit um nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hjá Fornleifavernd ríkisins starfa þá (eftir breytinguna) tveir fornleifafræðingar auk forstöðumanns. Þeim er ætlað að sinna skipulagsmálum á öllu landinu auk umhverfismatsmála, eftirliti með friðuðum fornleifum, merkingum þeirra og viðhaldi og ef enginn annar fæst neyðarrannsóknum sem upp kunna að koma auk þess að bregðast við tilkynningum um fundi á fornleifum og ótal öðrum smærri verkefnum sem geta komið upp á hverjum tíma. Hluta þessara verkefna væri hægt að fela minjavörðum þó þeir séu starfsmenn Þjóðminjasafnsins en þó

einungis ef þeir eru menntaðir fornleifafræðingar. Breyting á menntunarkröfum minjavarða sem kveðið er á um í breytingafrumvarpinu, þ.e. að einungis þurfi almenna háskólamenntun og þekkingu á menningarsögu, mun ekki verða til þess að verksvið minjavarða víkki og að ábyrgð þeirra aukist, heldur hið gagnstæða.

Annar möguleiki væri að minjaverðir fengju ekki að stunda fornleifauppgröft eða fornleifaskráningu þótt þeir væru starfsmenn Þjóðminjasafnsins og að þeir taki út skipulagssvæði og meti hvort rannsóknar sé þörf. Úrskurðarvald verður samt sem áður hjá Fornleifavernd ríkisins því Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki umboð til að úrskurða um fornleifar og þá ekki starfsmenn þess heldur. Fornleifaverndin myndi þá nýta álit þeirra til að ákveða hvort rannsóknar sé þörf á svæðinu. Þar með eru minjaverðir orðnir valdalausir á sínum svæðum hvað varðar fornleifar og þyrftu alltaf að fá leyfi og úrskurð Fornleifaverndar ríkisins í Garðabæ um allt er varðar fornleifar. Þetta gengur þvert á þau markmið að auka hlutverk og breikka starfssvið minjavarða.

Fornleifavernd ríkisins lagði áherslu á að skapa samhæfða og sterka stofnun. Af þeim sökum var minjavörðum veitt forysta á ýmsum sviðum sem nýtast áttu við stefnumörkun stofnunarinnar og eins við ákvarðanir á leyfisveitingum vegna fornleifarannsókna. Eins og vera vill þegar ný stofnun verður til þyrftu allir aðilar að átta sig á nýjum aðstæðum og laga sig að þeim.

Starfsumhverfi minjavarða hefur breyst gífurlega frá því að fyrsti minjavörðurinn, Gunnlaugur Haraldsson minjavörður Austurlands var ráðinn árið 1975. Á þeim árum og næstu áratugi var lögð áhersla á uppbyggingu byggðasafna landsins og hefur það tekist afar vel. Byggðasafnið í Skógum undir Eyjafjöllum er þekkt út fyrir landssteinana, svo sem við urðum vör við í ferð með Þórði Tómassonar til Parísar um árið og önnur mjög góð söfn efldust eða urðu til á þessum tíma. Þegar næstu minjaverðirnir, minjaverðir Vesturlands/Vestfjarða og Norðurlands eystra og -vestra voru ráðnir, á árunum 1999-2001 var það ekki vegna þarfar á að efla starfsemi safna á landsbyggðinni heldur til þess að efla fornleifavörsluna, svo sem lesa má um í greinargerðum Þjóðminjasafns Íslands.

Starfsumhverfi þjóðminjavörslunnar er orðið allt annað nú en jafnvel árið 1990. Fornleifarannsóknir eru að hluta til einkavæddar og í samkeppnisumhverfi svo sem fyrir er nefnt og góðum minjasöfnum hefur fjölgað í öllum landshlutum. Söfnin hafa eflst en fornleifavarslan ekki að sama skapi.

Kennsla í fornleifafræði hófst við Háskóla Íslands haustið 2002 og má gera ráð fyrir mikilli aukningu fornleifafræðinga hérlendis á næstu árum. Stofnuð hefur verið

fornleifadeild við safnið í Glaumbæ og samkvæmt fréttum í dagblöðum er áhugi á að stofna slíka deild við Minjasafnið á Akureyri. Fornleifavernd ríkisins telur eðlilega þróun að í framtíðinni muni starfa menn á landsbyggðinni á vegum stofnunarinnar sem séu hluti af stjórnsýslunni, þ.e. fornleifaverndinni, rétt eins og nú og að hins vegar myndist fornleifadeildir við minjasöfn landsins sem sinnt geti rannsóknarhlutverkinu á landsbyggðinni, þar með talinni fornleifaskráningu. Á byggða- og minjasöfnum landsins starfa færir sérfræðingar svo sem fyrr er nefnt og eru forstöðumenn safnanna afar vel fallnir til þess að halda utan um safnamálin og vinna að stefnumótun þeirra. Er það tillaga Fornleifaverndarinnar að valið verði landsfjórðungssafn í hverjum landsfjórðungi fyrir sig og að forstöðumaður þess verði sá tengiliður milli safna héraðsins og Þjóðminjasafns Íslands sem landsbyggðin telur æskilega, og að á hverju landsbyggðasafni verði stofnuð fornleifadeild. Starfsmenn hennar sinni þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru í hverju landsfjórðungi. Minjaverðimir starfi áfram við stjórnsýsluna rétt eins og nú, í þeirri mynd sem stjórnvöld ákveða að hafa hana. Framtíðarsýn Fornleifaverndarinnar í Garðabæ er í anda þess sem er annars staðar á Norðurlöndum. Aðskilnaður stjórnsýslu fornleifaverndar/húsverndar og safna er til staðar í Noregi og Svíþjóð og var tekinn upp í Danmörku árið 2002. Stjórnsýslunni í Danmörku er full mikið miðstýrt frá Kulturarvstyrelsen í Kaupmannahöfn og er öllum þáttum þjóðminjavörslunnar stýrt frá þeirri stofnun. Áður störfuðu á landsbyggðinni nokkrir *amtsarkeologer* sem höfðu stjórnsýsluhlutverk en stöður þeirra hafa verið lagðar niður. Kulturarvstyrelsen heldur um alla stjórnsýsluna frá Kaupmannahöfn og leitar aðeins eftir áliti fornleifafræðinga við söfnin og óskar eftir upplýsingum varðandi fornleifar frá þeim. Það eru settar strangar kröfur um hvaða söfn hafa þetta umsagnar og eftirlitshlutverk. Söfnin hafa ekkert ákvarðanavald varðandi stjórnsýslu fornleifa. Fornleifavernd ríkisins telur þá valddreifingu sem nú er til staðar innan Fornleifaverndari eðlilegri og æskilegri en hér er lýst.

5. gr.

Fornleifavernd ríkisins fagnar viðbót við 1.mg. 9. gr. laganna en þar er bætt inn að lausir hlutir úr flökum teljist til fornleifa

6. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingar á 12 .gr. laganna.

7. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingar á 13. gr. laganna. Stofnunin vill þó vekja athygli á nauðsyn þess að Fornleifaverndinni sé tryggt fjármagn til þess að unnt sé að uppfylla þetta lagaákvæði.

8. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingar á 14. gr. laganna. Stofnunin vekur þó athygli á nauðsyn þess að settar verði heimildir inn í lögum um að Fornleifavernd ríkisins megi innheimta gjöld fyrir ýmsa þætti starfsemi sinnar.

Fornleifavernd ríkisins vill benda á að stofnunin hefur ekki sömu möguleika á að afla sér tekna og söfn og einkaaðilar sem stunda fornleifarannsóknir. Stofnunin hefur m.a. ekki aðgang að rannsóknarsjóðum landsins. Af þeim sökum telur stofnunin brýnt að bætt verði í lagafrumvarpið heimildum fyrir stofnunina til gjaldtöku vegna ýmissa þátta starfseminnar. Þeirra á meðal vegna leyfisveitinga til fornleifarannsókna (6. gr.), vegna aðstoðar við framkvæmdaaðila vegna kostnaðaáætlanna (14. gr.), vegna útboðs á fornleifarannsóknum (15.gr.) og vegna leyfisveitinga vegna notkunar á málmleitartækjum og öðrum tækjum við leit að fornminjum (16.gr.). Eins er æskilegt að unnt sé að hækka sektir vegna eyðileggingar fornleifa. Stefnan í Noregi undanfarin ár er að sektir vegna brota á þjóðminjalögum hafa hækkað gífurlega. Dæmi eru þess að sektir vegna skemmda á fornleifum og óleyfilegs uppgrafar nemi milljónum ísl. kr.

Fornleifavernd ríkisins er ætlað að taka á sig kostnað sem verður til við mat á eðli og umfangi fornleifa og er nauðsynlegt að tryggja henni aðgang að fjármagni vegna þess verkefnis svo sem menntamálaráðuneytið hefur bent á.

Helstu tekjur Fornleifaverndar ríkisins árið 2002 tengdust því hlutverki stofnunarinnar að gera skrá yfir minningarmörk í kirkjugörðum landsins. Með því að flytja stjónsýsluhlutverkið varðandi minningarmörk yfir til Þjóðminjasafns Íslands mun Fornleifavernd ríkisins verða af þeim tekjum.

9. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerðar eru á 15.gr. laganna.

10. gr.

Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við breytingar á 16.gr. laganna.

11. gr.

Varðandi breytingar á 11. gr. er vísað til athugasemda við 3. gr. frumvarps til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stjómsýsla varðandi minningarmörk fari aftur yfir til Þjóðminjasafnsins.

Skv. 9. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 teljast minningarmörk til fornleifa. Hefur svo verið í öllum þeim lögum sem sett hafa verið um fornleifar hérlendis allt frá því að fyrstu lögini voru samþykkt árið 1907. Er það jafnframt í samræmi við skilgreiningar á minningarmörkum í erlendum lögum. Fornleifavernd ríkisins telur ófarsælt að taka einn þátt af stjómsýslu fornleifa út, þ.e. minningarmörkin, og fela hann Þjóðminjasafni Íslands.

Fornleifar samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga og erlendra laga eru ekki alltaf neðanjarðar, en þær eru jarðfastar. Við það að fornleifar verða sýnilegar við uppgröft verða þær í raun ofanjarðar þótt þær séu jarðfastar og það hefur verið hlutverk Fornleifaverndar ríkisins að varðveita slíkar minjar. Eins eru gamlir legsteinar oft að hluta til eða að fullu huldir jarðvegi og þar að leiðandi neðanjarðar. Það er í raun ekki fyrr en minningarmörk hafa verið fjarlægð úr kirkjugarði og sett inn á söfn, orðin laus, að þau geta talist til grípa. Stofnunin telur því eðlilegt að minningarmörkin verði áfram hjá Fornleifavernd ríkisins. Bent skal á að gamlir kirkjugarðar teljast til fornleifa og eru undir umsjón Fornleifaverndar ríkisins.

Unnið hefur verið ötullega að skráningu og vernd minningarmarkna hjá Fornleifavernd ríkisins undanfarið ár. Stofnunin gerði samning við Kirkjugarða

Reykjavíkurrófastsdæma um verkefni vegna deiliskipulags Hólavallakirkjugarðs í Reykjavík. Þá fékkst einnig styrkur til skráningar minja í Kjalarnesrófastsdæmi og mun það verkefni hefjast fljótlega. Fornleifavernd ríkisins beitti sér einnig fyrir að forvarðir voru tveir legsteinar í Ingjaldshólskirkjugarði á Snæfellsnesi og var stofnunin milligönguaðili um að fá forvörð til verksins og aflaði styrkjar til þess. Er þetta varðveisluverkefni sem Snæfellingar hafa lengi óskað eftir.

Að endingu vill Fornleifavernd ríkisins taka það fram að þjóðminjalög nr. 107/2001 hafa ekki heft starfsemi Fornleifaverndar ríkisins svo nokkru nemur. Reyndar hafa komið upp atvik þar sem hefði verið æskilegt að hafa reglugerð til að starfa eftir. En með góðri samvinnu og þolinmæði tókst að leysa öll mál.

Akkilesarhæll Fornleifaverndar ríkisins árið 2002 var ekki verkefnaskortur minjavarða eða miðstýring þeirra, heldur sá að stofnunin hafði afar lítið rekstrarfjármagn. Við flutning minjavarða frá Þjóðminjasafni Íslands yfir til Fornleifaverndar ríkisins fylgdi lítið sem ekkert rekstrarfjármagn. Minjaverðimir fengu að meðaltali um 300 þúsund krónur hver fyrir sig af rekstrarfjármagninu sem fluttist yfir en að öðru leyti urðu þeir að reiða sig á fjármagn frá sveitarfélögunum, sem jafnframt útveguðu húsnæði fyrir starfseminna. Voru það í flestum tilfellum lágar upphæðir eða um 300 þúsund krónur. Óskað var eftir því við Þjóðminjasafn Íslands og Húsafríðunarnefnd að stofnanirnar greiddu fyrir bifreiðakostnað sem upp kæmi vegna ferða minjavarða vegna starfa fyrir þær stofnanir þar til aðstæður breyttust og minjavörðum yrði tryggt rekstrarfjármagn. Þar sem stofnanirnar töldu lengi vel að þær ættu ekki að taka þátt í slíkum kostnaði lagði Fornleifavernd ríkisins áherslu á að minjaverðir sinntu þeim þáttum þjóðminjavörslunnar sem sneru að starfsemi Fornleifaverndarinnar. Þegar leið á árið leystist þetta mál og féllust þá stofnanir á að styðja við bakið á Fornleifaverndinni vegna bifreiðakostnaðar minjavarða í þeirra þágu. Með því að minjaverðir eru komnir með eigið rekstrarfjármagn frá ríkinu nú frá áramótum er málið jafnframt úr sögunni.

Stofnunin óttast að þær umfangsmiklu breytingar sem standa fyrir dyrum á starfsemi stofnunarinnar og lúta að flutningi minjavarða og stjórnsýslu varðandi

minningarmörk yfir til Þjóðminjasafns Íslands eigi eftir að flækja starfsemi
þjóðminjavörslunnar í stað þess að skýra hana og einfalda.

Virðingarfyllst,

Kristín Huld Sigurðardóttir Agnes Stefánsdóttir


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Agnes Stefánsdóttir
deildarstjóri

Kristinn Magnússon

Kristinn Magnússon
deildarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/820
komudagur 21.1.2003



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

Reykjavík, 20. janúar 2003

Menntamálanefnd
Alþingis

Núna rétt fyrir helgina barst mér til umsagnar 'frumvarp til Þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting, minjaverðir o.fl.' Erindið kom frá skrifstofu rektors Háskóla Íslands og er sjálfsagt sent mér þar sem ég er um þessar mundir formaður sagnfræðiskorar við Háskóla Íslands og fornleifafræði er kennd í skorinni.

Aðalatriði málsins er að með frumvarpinu er stefnt að því að breyta hlutverki og stöðu minjavarða. Þeir heyra undir Fornleifavernd ríkisins en með frumvarpinu er stefnt að því að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands, verði starfsmenn þess. Engu að síður er þeim ætlað að sinna verkefnum á vegum Fornleifaverndar. Með þessu yrði gengið þvert á grunnhugsun þá sem ákveðið var að ráða skyldi stjórnarháttum við hina nýju stofnun, Fornleifaverndina.

Meginhugmyndin í gildandi skipan er að greina að stjórnslu og rannsóknir, þannig að stofnun sem veitir leyfi til rannsókna og hafa skal eftirlit með þeim, Fornleifaverndin, skuli ekki sjálf láta stunda rannsóknir. Þetta skal ráða starfi Fornleifaverndar sem leyfist ekki að bjóða í fornleifarannsóknir eða sækja í sjóði til að stunda þær. Henni skal að vísu vera heimilt að stunda björgunarrannsóknir (neyðarrannsóknir) en ekki meira og til þeirra skal henni ætlað sérstakt fé. Í samræmi við þessa hugsun skulu minjaverðir ekki stunda eiginlegar rannsóknir, þeir skulu vera faglegir umsagnar- og eftirlitsmenn um fornleifarannsóknir, umhverfismat og skipulagsmál.

Með því að skipa minjavörðum undir Þjóðminjasafnið virðist ofangreind aðgreining úr sögunni. Stefnt virðist að því að gera minjaverði að eins konar safnvörðum, öðru fremur, fela þeim vörslu safngripa, kirkjugripa, formmuna og húsa eða eftirlit með þessu. Kjörið virðist að fela byggðasöfnum slík störf, etv. í umboði Þjóðminjasafns, en ekki minjavörðum, eins og núverandi stöðu þeirra er háttáð. Rétt er að gera mun á minjavörðum og safnvörðum.

Þjóðminjasafni er heimilt að láta fara fram fornleifarannsóknir á sinum vegum enda hefur það fornleifafræðinga í þjónustu sinni, fastráðna og lausráðna. Mundi þá minjavörðum leyfast að stunda fornleifauppgröft á vegum Þjóðminjasafns eða jafnvel alveg frjálst? Og eiga þeir jafnframt að hafa eftirlit með uppgrefti sjálfra sín og annarra? Varla er hugmyndin sú að banna Þjóðminjasafni að láta stunda fornleifarannsóknir með uppgrefti.

Vel má hugsa sér að sett verði í reglugerð einhver takmarkandi ákvæði þannig að leyfi minjavarða til að taka þátt í eiginlegum fornleifauppgrefti séu háð skilyrðum. Vandséð er þó hvernig það gæti verið og eftir sem áður yrði þeim ætlað að fylgjast með uppgrefti á vegum Þjóðminjasafnsins. Yrði auðvitað ankannalegt og fela þeim að hafa eftirlit með fornleifarannsóknnum á vegum Þjóðminjasafns þar sem þeir starfa sjálfir.


Menn sem ekki þrífast í starfi minjavarða, eins og því er háttáð, og vilja fremur sýsla við muni, eða grafa, ættu fremur að leita starfa á söfnum eða ráða sig til fornleifauppgraftar.

Vanahugsun og stundarhagsmunir mega ekki móta stefnuna um stjórnarhætti við eftirlit með fornleifarannsóknnum heldur langtímasjónarmið um faglegt mat og sjálfstætt, óháð, eftirlit. Breytingin sem stefnt er að í frumvarpinu virðist geta haft í för með sér að fótunum verði nánast kippt undan starfi Fornleifaverndar. Vonandi verður það viðhorf ríkjandi að greina að framkvæmd og eftirlit.

Með vinsemd og virðingu

Helgi Þorláksson
Helgi Þorláksson

formaður sagnfræðiskorar
Háskóla Íslands



Reykjavík 14. janúar 2003

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

Menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001

Í frumvarpinu eru sniðnar af ýmsar ambögur sem eru á þjóðminjalögum nr. 107/2001 en einnig eru þar tvö nýmæli sem ástæða er til að gera athugasemdir við.

I. Um minjaverði.

Skv. 8. gr. eru minjaverðir færðir aftur undir Þjóðminjasafn Íslands, en þeir hafa frá lagabreytingunni 2001 verið starfsmenn hinnar nýju Fornleifaverndar ríkisins, en þeim er jafnframt ætlað eftir sem áður að sinna verkefnum sem hafa verið á ábyrgð Fornleifaverndar og Húsafriðunarnefndar.

Með þessu er bæði vegið að hinnu ungu stofnun Fornleifavernd ríkisins og stigið skref afturábak frá þeim mikilvægu breytingum sem gerðar voru á fyrirkomulagi minjavörslu á Íslandi með þjóðminjalögum nr. 107/2001. Það er blekking sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að minjaverðir geti sem starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands sinnt verkefnum sem varða minjavörsluna í heild, þ.m.t. fornminjum. Ástæða þess að Fornleifavernd ríkisins var stofnuð var einmitt sú að koma í veg fyrir að sama stofnun sæti beggja vegna borðsins, sem framkvæmdaaðili og eftirlitsaðili með eigin framkvæmdum. Ef minjaverðir verða færðir aftur undir Þjóðminjasafnið með þeim hætti sem í frv. er gert ráð fyrir, getur það haft tvennskonar afleiðingar:

- a) annaðhvort verður ekkert eftirlit með fornleifarannsóknum á landsbyggðinni, nema það sem tekst að skipuleggja frá Reykjavík, og ekkert eftirlit með framkvæmdum á landsbyggðinni – sem er sýnu alvarlegra. Ljóst er að ef starfslíði Fornleifaverndar verður fækkað um helming þá mun stofnunin ekki geta sinnt því hlutverki sem henni er ætlað skv. þjóðminjalögum, og mun starfsemin takmarkast við agreiðslu leyfisumsókna og umsagnir um skipulags- og umhverfismatstillögur, þ.e. þá starfsemi sem nú fer fram í Reykjavík.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

b) Þjóðminjasafninu verður ókleyft – sem raunverulegum eftirlitsaðila – að taka að sér verkefni á sviði fornleifaskráningar og fornleifauppgrafa sem það hefur getað gert án þess að brjóta í bága við samkeppnis- og stjórnsýslulög frá lagabreytingunni 2001. Öruggt má telja að gangi þessi breyting eftir og Þjóðminjasafnið haldi áfram að standa fyrir fornleifarannsóknum, muni það leiða til ófriðar í þessum geira á komandi misserum.

Einnig má efast um nauðsyn þessarar breytingar fyrir Þjóðminjasafnið. Það er álitamál sem fram kemur í athugasemdum að starfsemi safnsins sé mun víðtækari en annara stofnana þjóðminjavörslunnar. Með þeirri verkaskiptingu sem komið var á með núgildandi lögum var starfssvið safnsins einmitt þrengt þannig að það þyrfti ekki að sinna verkefnum á landsbyggðinni en gæti einbeitt sér að því að sinna rannsóknar- og miðlunarhlutverki sínu. Nær væri að fela Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd þau verkefni sem safnið hefur haldið í á landsbyggðinni og stuðla að samstarfi þessara stofnanna við byggðasöfn og aðrar stofnanir á landsbyggðinni. Þau verkefni lúta einmitt fyrst og fremst að friðuðum húsum og friðuðum fornminjum og er beinlínis óeðlilegt að Þjóðminjasafnið haldi utan um þá málaflokka þegar tvær sérhæfðar ríkisstofnanir eru til á þessum sviðum. Nær væri að ná fram sparnaði og meiri skilvirkni með því að sameina Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins, sem hvort tveggja eru stjórnsýslustofnanir sem annast eftirlit og gæta hagsmuna ríkisvaldsins á náskyldum sviðum. Þá má einnig benda á, að þau verkefni sem Þjóðminjasafnið sinnir á landsbyggðinni væri eðlilegra að fela þeim byggðasöfnum sem burður er í. Á undanföllum árum hafa nokkur íslensk byggðasöfn dafnað mjög og eflst, og er full ástæða til að styðja þá þróun. Það mætti gera með því að fela mannvænlegum stofnunum á borð við Minjasafnið á Akureyri, Safnastofnun Austirlands, Byggðasafninu á Skógum, Byggðasafninu í Görðum, Byggðasafni Vestfjarða og Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ, verkefni Þjóðminjasafnsins á viðkomandi svæðum.

Það mætti hugsa sér að minjaverðir yrðu færðir undir Þjóðminjasafn og sinntu eingöngu hlutverkum þess, þ.e. að þeir sinntu ekki sjórnsýslu- og eftirlitshlutverki Fornleifaverndar jafnframt, en með því væri Fornleifavernd svo gott sem lömuð.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEIMSPERIDEILD

Fornleifavernd ríkisins hefur nú starfað í 15 mánuði og er ljóst að hlutverk minjavarða innan hennar hefur reynst óskýrt og vafi hefur leikið á um hvert hlutverk þeirra ætti að vera. Slíkt er hinsvegar ekki óeðlilegt í ljósi hinna gagngerru breytinga sem gerðar voru með þjóðminjalögum nr. 107/2001. Verkefni Fornleifaverndar ríkisins eru mjög mikilvæg enda ríkir sannkallað neyðarástand í fornleifavernd í landinu. Það hlýtir að teljast sanngjarnt að hinni nýju stofnun verði gefinn aðeins lengri tími til að ná áttum og sanna sig áður en hún er skorin niður við trog.

II. Um kostnað við neyðarrannsóknir.

Með 7. gr. frumvarpsins er lögð til mikilvæg breyting. Það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að Fornleifavernd geti látið rannsaka á sinn kostnað fornleifar sem koma í ljós óvænt vegna framkvæmda. Hinsvegar er hvorki eðlilegt né nauðsynlegt að Fornleifavernd beri sjálf ábyrgð á slíkum rannsóknum – þ.e. að starfsmenn hennar annist rannsóknirnar. Það helgast annarsvegar af eftirlitshlutverki Fornleifaverndar, því ekki getur verið eðlilegt að stofnunin hafi eftirlit með eigin rannsóknum, og hinsvegar er það beinlínis vilji lögjafans sbr. 4. mgr. 15. gr. að Fornleifavernd bjóði út þær fornleifarannsóknir sem hún telur nauðsynlegar. Einnig er eðlilegra að hinum nýja málslið verði bætt við sem 5. mgr. í 14. gr., og gæti þá hljóðað svo, (að viðbætti 4. mgr. 15. gr., sem á hvergi annarsstaðar við):

Fornleifavernd ríkisins er heimilt að greiða kostnað við neyðaruppgröft á fornleifum.
Fornleifavernd ríkisins skal leitast við að bjóða út þá neyðaruppgræfti sem hún telur nauðsynlega á hverjum tíma.

III. Aðrar athugasemdir.

Tillögur um breytingar á 15. gr. eru mög til bóta en til samræmis við þær þyrfti að breyta orðunum ‘staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsóknna’ í 1. másl. 6. gr. í ‘fornleifauppgræfta’ og ‘stað og tímabundinna fornleifarannsóknna’ í 1. másl. 2. mgr. 15. gr. í ‘fornleifauppgræftar’ – enda veitir Fornleifavernd ekki annarskonar leyfi.

Ástæða er til að bæta við skilgreiningu á því hvað fornleifarannsókn felur í sér, enda leggja



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

lögin þungar skyldur á herðar framkvæmdaaðilum skv. 1. og 3. mgr. 14. gr., og þarf að vera ljóst í hverju þær felast. Sú skilgreining gæti hljóðað svo:

Fornleifarannsókn felur í sér athugun á fornleifum, úrvinnslu, þ.m.t. forvörslu, og útgáfu á skýrslu.

Vegna tillögu um breytingar á 16. gr. má benda á að sú grein er óþörf í heild sinni. Hætta sú sem felst í notkun málmleitarækja stafar ekki af tækjunum sjálfum heldur því að notendur þeirra vilji grafa eftir þeim hlutum sem tækin gefa til kynna. Slíkur uppgröftur heyrir undir ákvæði 10. og 15. gr. og er óþarfi að hafa sérstakt ákvæði um þetta, og eykur aðeins á skrifinsku fyrir þá sem vilja nota málmleitarækja í löglegum tilgangi, þ.e. sem hluta af leyfisbundinni fornleifarannsókn.

Vegna tillagna um breytingar á V. kafla þá er ástæða til að leggjast gegn þeim í heild sinni, sbr. það sem áður hefur komið fram um hlutverkaskiptingu Fornleifaverndar og Þjóðminjasafns. Þar fyrir utan er þessi kafli, og allar þær greinar í þjóðminjalögum sem fjalla sérstaklega um kirkjugripi, kirkjugarða og minningarmörk, tímaskekkja. Þessar minjar allar njóta fullkominnar verndar undir hinum almennu ákvæðum laganna og ástæðulaust að hafa sérstök ákvæði um þær. Þessi lagaákvæði öll eru leifar frá þeim tíma þegar verndunarúrræði þjóðminjavörslunnar voru mun þrengri en nú er og er endurskoðun þeirra löngu tímabær.

Niðurlag

Efast má um nauðsyn þess að gera breytingar á þjóðminjalögum nr. 107/2001 svo skömmu eftir að þau tóku gildi. Þó að margar af þeim breytingum, sem í frv. eru lagðar til, séu til góðs eru engar af þeim aðkallandi. Aðalbreytingin sem lögð er til með frv. felst í að fækka starfsmönnum Fornleifaverndar ríkisins um helming og er ljóst að stofnunin yrði lömuð eftir. Ef markmið þjóðminjalaga um fornleifavernd eiga að nást er nauðsynlegt að Fornleifavernd ríkisins sé gefið svigrúm til að þróa starfsemi sína.

Eðlilegra væri að löggjöf á sviði þjóðminjavörslu verði tekin til endurskoðunar í heild



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

sinni að nokkrum árum liðnum þegar reynsla verður komin á þær miklu stjórnkerfisbreytingar sem gerðar voru með nágildandi lögum árið 2001, í stað þess að kæfa þær nú í fæðingu.

Virðingarfyllt

Orri Vésteinsson

lektor í fornleifafræði

Garðabæ, 14. janúar 2003

Menntamálanefnd
Helga Þórisdóttir
Alþingi
150 Reykjavík


Óskað hefur verið umsagnar Húsafríðunarnefndar ríkisins um breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál.

Húsafríðunarnefnd gerir þær athugasemdir við 2. mgr. 2. gr. þar sem Húsafríðunarnefnd er skilgreind sem ein af þeim þrem stofnunum sem annast framkvæmd þjóðminjavörslunar, sé ekki á hana minnst vegna stefnumörkunar og gerðar langtímaáætlunar um þjóðminjavörsluna í heild. Eðlilegt er að allar þrjár stofnanirnar hafi slíkt á hendi. Þá er rétt að rita Húsafríðunarnefnd með stórum staf þar sem hún er stofnun enda sérnafn.

Það er mat Húsafríðunarnefndar að umræddar breytingar, varðandi varðveislu kirkjugripa sem lagðar eru til í frumvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál, séu til bóta.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst f.h.
Húsafríðunarnefndar ríkisins


Magnús Skúlason

Nokkrar athugasemdir
um
frumvarp til laga um breytingar á Þjóðminjalögum
(Þskj. 435 – 382. mál)

Ágæta menntamálanefnd.

Nú þegar fyrir dyrum standa breytingar á Þjóðminjalögum, vildum við, minjavörður Norðurlands vestra, minjavörður Norðurlands eystra og minjavörður Austurlands koma á framfæri hugleiðingum okkar um þessar breytingatillögur í þeirri von að þær gætu orðið lagasmíðum að einhverju gagni. Tilgangurinn er einnig að vekja athygli á ýmsu sem við undirrituð, sem framkvæmum eða „praktiserum“ lögin frá degi til dags, höfum rekið okkur á.

Við viljum byrja á því að segja að með framkomnu frumvarpi verður ýmislegt lagað sem betur mátti fara í lögunum. Við teljum hins vegar rétt að hafa nokkur orð um 4 gr. frumvarpsins, þ.e. það sem snýr að minjavörðunum, en þar er gert ráð fyrir að þeir flytjist frá Fornleifavernd yfir á Þjóðminjasafn. Flutningur minjavarða milli stofnanna hefur vakið upp ýmsar spurningar, sem flestar eru lögfræðilegs eðlis og við teljum mikilvægt að varpa hér fram, því svör við þeim snerta í grundvallar atriðum hvernig við stundum okkar störf.

Minjaverðir unnu á liðnu ári í töluvert breyttu lagaumhverfi frá því sem áður var. Samkvæmt Þjóðminjalögum frá 1989 með síðari breytingum tók starf minjavarða yfir mjög vítt svið, eða í raun til allra deilda Þjóðminjasafns Íslands. Þetta gerði minjaverði kleift að forgangsraða verkefnum eftir því hvað hann taldi brýnast hverju sinni á hverjum stað og gat látið sig varða um allt það sem horfði til framfara í Þjóðminjavörslunni á minjasvæðinu. Hann heyrði beint undir Þjóðminjavörð og var umboðsmaður hans á viðkomandi minjasvæði. Eftir að Þjóðminjasafninu var skipt upp í þrjár stofnanir með nýjum Þjóðminjalögum frá 31. maí 2001, safnalögum og lögum um húsafriðun skiptust hinir ýmsu málaflokkar niður á þessar stofnanir, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd en minjaverðir voru, eins og kunnugt er, settir undir eina þeirra, Fornleifaverndina. Þessi skipting Þjóðminjasafnsins skapaði ákveðinn vanda í tengslum við minjavörsluna úti á landi því starfssvið minjavarða þrengdist töluvert. Þetta þýðir hins vegar *ekki* að minjaverðir hafi minna að gera, heldur varð forgangröðunin önnur og sumir afar mikilvægir málaflokkar að mestu lagðir til hliðar og má í því sambandi t.d. nefna sérstaklega húsasafn Þjóðminjasafnsins.

Tilgangur frumvarpsins er að taka á þessum vanda, eða eins og segir í athugasemdum við 4. gr. „Til að auka hlutverk og breikka starfssvið minjavarða á landsbyggðinni er mikilvægt að þeir heyri undir Þjóðminjasafn Íslands þar sem starfsemi safnsins er mun víðtækari en annarra stofnana Þjóðminjavörslunnar, þ.e. Fornleifaverndar ríkisins og húsafriðunarnefndar ríkisins. Lagt er til að sérstaklega verði kveðið á um að

minjaverðir skuli sinna verkefnum er varða Þjóðminjavörsluna í heild, þ.m.t. fornminjum og húsafríðun. Um störf þeirra verði fjallað nánar í reglugerð sem tæki þá mið af fjölþættu hlutverki þeirra“.

Með þessu er vissulega verið að færa ýmsa mikilvæga málaflokka, sem urðu útundan, á ný undir minjaverði, og er það mjög til bóta. Þær spurningar sem vakna við breytingar þessar snúast hins vegar um aðkomu minjavarða að þeim málaflokkum sem heyra undir Fornleifavernd ríkisins, sem eru afar mikilvægir við framkvæmd þjóðminjavörslunnar í landinu og tóku mikið af starfstíma minjavarða fyrir skiptingu Þjóðminjasafnsins. Ein megin röksemdin fyrir því að skipta upp Þjóðminjasafninu var sú að skilja á milli *stjórnsýslu* og *rannsóknna* og tryggja þannig að það væri ekki sami aðili sem krefðist ákveðinna rannsókna af framkvæmdaraðilum og kæmi svo í framhaldinu og ynni verkið. Í ársbyrjun 2002 vann minjavörður Norðurlands vestra ásamt forstöðumanni Fornleifaverndar, Kristínu Huld Sigurðardóttur, að gerð starfslýsingar fyrir minjaverði, en með því var reynt að skilgreina starfssvið minjavarða í ljósi nýrra laga. Til upplýsingar látum við fylgja með hér þessi drög að starfslýsingu. Verkefnin snúa fyrst og fremst að *stjórnsýslu* og *minjavörslu* á minjasvæðinu. Þetta eru því verkefni sem *ekki er hægt að vista t.d. á byggðasöfnunum*, þar sem skilja skal milli stjórnsýslu og rannsókna.

Við flutninginn yfir til Þjóðminjasafns vakna eftirfarandi spurningar í tengslum við stjórnsýsluhlutverk minjavarða eins og það er stundað í dag:

1. Má Þjóðminjasafn Íslands bjóða í verk (t.d. fornleifaskráningu) eða rannsóknir sem minjaverðir (þá sem starfsmenn Þjóðminjasafns) hafa farið fram á eða haft afskipti af við skipulagsyfirvöld eða framkvæmdaraðila sem stjórnsýsla?
2. Ef svarið er neikvætt við fyrstu spurningunni, er þá ætlunin að Þjóðminjasafnið verði stjórnsýslustofnun í minjavörslu eða eiga minjaverðir að hætta að sinna stjórnsýslunni?

Spurningar vakna einnig um hvaða svigrúm minjaverðir hafa til að sinna verkefnum sem heyra undir þrjár stofnanir en formlega tilheyra aðeins einni. Svo dæmi sé tekið má nefna úttekt friðlýstra minja og neyðarrannsóknir, sem eru tímafrek og mikilvæg verk á sviði Fornleifaverndar. Þær neyðarrannsóknir sem unna r voru á árinu voru framkvæmdar af minjavörðum, en þeir hafa haft með sér gott samstarf um slíkt. Alls fóru fram fjórar slíkar rannsóknir á árinu, á Möðruvöllum í Hörgárdal, Keflavík í Fjörðum, Skeggjastöðum og Keldudal í Hegranesi. Sumar rannsóknirnar voru töluvert umfangsmiklar, eins og t.d. rannsóknin á hinum forna kirkjugarði í Keldudal, en engu að síður þurfti að hafa þar snör handtök og bregðast fljótt við. Mun Fornleifaverndin áfram njóta þessara starfskrafta sér að kostnaðarlausu? (En samkvæmt 7 gr. frumvarpsins skulu neyðarrannsóknir framkvæmdar á kostnað Fornleifaverndar) Í raun hefur Fornleifaverndin ekki burði til að framkvæma neyðarrannsóknir án minjavarða.

Reynsla liðins árs hefur sýnt að Fornleifaverndin hefur ekki þann burð sem hefði þurft að vera fyrir stofnun af þessu tagi – hún er fámenn og fjárvana. Til að finna góðan farveg fyrir minjavörsluna viljum við nefna hér tvö „módel“ sem hugsanlega gætu virkað vel. Það fyrra snýst um að koma á fót öflugri minjavörslu- og stjórnsýslustofnun – *Minjavernd ríkisins*, en hitt gerir ráð fyrir að minjaverðir færast

yfir á Þjóðminjasafnið og við getum kallað „danska módelið“ og fellur því vel að þeim breytingum sem nú hafa verið lagðar fyrir Alþingi.

I. Minjavern ríkisins.

Úr því ákveðið var að skipta Þjóðminjasafninu upp vaknar spurningin hvort ekki hefði verið heppilegast að ganga alla leið en ekki aðeins hálf. Þegar málaflökkum er skipt milli stofnana ætti þumalfingursreglan að vera sú að það sem heyrir undir *stjórnsýslu og minjavörslu* í landinu færir undir eina stofnun en *safnið sjálft og fornleifarannsóknir* undir aðra. Minjaverðir myndu þá hafa undir þá fyrrnefndu. Þegar talað er um minjavörslu er átt við *útiminjar*, þ.e. það sem áður heyrði undir *útiminjasvið* Þjóðminjasafnsins og eru gripir í kirkjum þar meðtaldir. Setja hefði mátt saman í eina öfluga stjórnsýslu og minjavörslustofnun, Fornleifaverndina, Húsafríðunarnefnd, Húsverndardeild Þjms. (Húsaafnið), Örnefnastofnun og jafnvel Þjóðháttadeild Þjms. Skilin milli stjórnsýslu og rannsókna væru hrein og klár og búið væri að setja undir eina stofnun öll mikilvægustu verkefni minjavarða. Tenging minjavarða við safnageirann ætti að vera í gegnum *minjaráðin* og mikilvægt að þessi landshlutaráð ræktuðu góð tengsl við höfuðsafnið í Reykjavík. Það verður ekki séð að safnastarfsemi í landinu þyrfti að bíða hnekki af því að minjaverðir heyrðu undir stofnun á borð við *Minjavernd ríkisins*, enda sinna byggðasöfnin *safnastarfinu* úti á landi, en minjaverðir eru þeir einu sem ætlað er að sinna *útiminjum og stjórnsýslu* á svæðinu.

II. „Danska módelið“.

Það er að ýmsu leyti flóknara að taka upp danska módelið hér á landi því starfsumhverfið er að mörgu leyti ólíkt. Hins vegar er það kerfi sem stefna mætti að og gæti orðið mjög gott eftir því sem safna og minjavörslunni vex fiskur um hrygg á landsbyggðinni. Fyrsta skrefið í þá átt gæti þá verið að færa minjaverðina yfir á Þjóðminjasafnið.

Í Danmörku hafa ákveðin söfn sem stjórnvöld hafa viðurkennt haft með höndum eftirlit og stjórn minjamála í hverju amti fyrir sig. Fornleifafræðingar þessara safna vinna með sveitarstjórnunum að skipulagsmálum svo að fullt tillit sé tekið til fornminja við skipulagsgerð. Þessi söfn meta einnig til hvaða aðgerða þarf að grípa og kostnað vegna þeirra ef fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir muni hafa röskun fornminja í för með sér. Sömu söfn sjá einnig um að framfylgja aðgerðunum oft með neyðarráttum sem kostnaðar eru af framkvæmdaraðila. Til að tryggja að söfnin séu sanngjörn í kröfum sínum varðandi aðgerðir og kostnaðar vegna þeirra, verða þau að senda inn matsskýrslu til Kulturarvestyrelsen, sem fyrir sitt leyti metur aðgerðina og samþykkir hana, hafnar eða krefst frekarí upplýsinga eftir atvikum. Kulturarvestyrelsen tók við þessu hlutverki af Rigsantikvarens arkæologiske sekretariat með nýjum lögum frá 1. janúar 2002. Þá getur framkvæmdaaðili beðið um að Kulturarvestyrelsen endurskoði áætlunina ef hann telur hana ósanngjarna. Telji Kulturarvestyrelsen áætlunina sanngjarna eftir kæru frá framkvæmdaraðila þá getur framkvæmdaaðili kært til umboðsmanns þingsins. Með þessu er tryggt að amtssöfnin „maki ekki krók sinn“ heldur séu sanngjörn í kröfum sínum enda liggur endanleg ákvörðun í höndum Kulturarvestyrelsen. Það skal þó tekið fram að í Danmörku eru engin einkarekin fornleifafyrirtæki, sem taka að sér neyðarráttum. Þá er heldur

ekki um samkeppni milli ofanefndra safna að ræða um að taka að sér rannsóknir. Reglan er sú að hvert viðurkennt safn sér um rannsóknir í sínu amti.

Byggðasöfn á Íslandi eru flest hver litil að burðum. Þar starfa gjarnan einyrkjar og eru dreifðir um allt land. Það hafa því aldrei skapast forsendur fyrir því að Byggðasöfnin tækju að sér minjavörsluna hvert á sínu svæði. *Minjasvæðin*, sem taka flest yfir 3-4 sýslur, eru því heppilegri einingar. Minjaverðir gætu stuðlað að því að til verði safnamiðstöðvar á hverju minjasvæði fyrir sig, sem yrðu þá til með sífelld meiri samvinnu og afna á viðkomandi svæði. Í þeirri þróun gætu *minjaráðin* gegnt lykilhlutverki. Söfnin gætu þá í sífelld meira mæli samnýtt ýmsa aðstöðu, t.d. geymslur og jafnvel farið úti sameiginlegan rekstur á ýmsum sviðum, t.d. um rekstur fornleifadeildar og safnkennara. Minjaverðir eru þar starfsmenn Þjóðminjasafns og koma þar inn með sérþekkingu sem skiptir þessa starfsemi verulegu máli og er þá ekki síst átt við það sem snýr að *útminjum*, minjavörslu og stjórnsýslu.

En hvernig snýr þetta þá að Fornleifaverndinni? Samkvæmt danska módelinu væri Fornleifaverndin þá í hlutverki Kulturarvestyrelsen. Minjaverðir færu þá líkt og amtssöfnin ekki með hina eiginlegu stjórnsýslu, heldur myndu starfa á svæðunum sem ráðgjafar Fornleifaverndar. Þeir myndu vinna málin heima í héraði, hvort sem um væri að ræða skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og sjá um neyðarrannsóknir undir merkjum Þjóðminjasafns og í samvinnu við söfnin á svæðinu. Líkt og í Danmörku má koma í veg fyrir að minjaverðir geti sett fram ósanngjarnar kröfur gagnvart framkvæmdaraðilum um aðgerðir, enda setji þeir aðeins fram tillögur, sem Fornleifaverndin metur og samþykkir eða hafnar eftir atvikum. Eftir lagabreytinguna er heldur ekkert því til fyrirstöðu að minjaverðir eða Þjóðminjasafnið framkvæmi þær aðgerðir sem Fornleifaverndin hefur ákveðið. Nauðsynlegt væri að ganga vel frá því í reglugerð hvernig verklagi skuli háttað milli minjavarða og Fornleifaverndar.

Til framtíðar litið gæti þetta orðið mikilvægur grundvöllur til vaxtar fyrir safnastarfsemina úti á landi, því slíkar safnamiðstöðvar gætu tekið að sér margbreytilegri og flóknari verkefni sem annars hefði þurft að kaupa að annarsstaðar frá. Kostirnir sem við sjáum við þetta gætu verið eftirfarandi svo nokkuð sé nefnt:

- Heimamenn taka að sér verkefni sem sveitarfélög og framkvæmdaraðilar á svæðinu hafa áður keypt að annars staðar frá, t.d. fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. *Minjaráðin*, þ.e. minjavörður (Þjóðminjasafn) í samvinnu við viðkomandi byggðasöfn, gætu einnig látið framkvæma neyðarrannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar.
- Þekking byggist upp í héraði og geta til að takast á við verkefni af því tagi sem nefnd eru hér að ofan. Nú hefur verið tekið upp nám í fornleifafræði við HÍ og á það örugglega eftir að nýtast þessari starfsemi í framtíðinni.
- Fjármagn sem annars rynni úr héraðinu nýttist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.
- Þjónusta minjavörslunnar batnar og byggir á persónulegum tengslum við heimamenn.
- Þekking á landinu eykst og minjavarsla og starfsemi ýmis byggir á aðilum (heimamönnum) sem hafa sérþekkingu á viðkomandi svæði.

Að mörgu leyti hefur það flóknari afleiðingar og ófyrirsjáanlegri, að færa minjaverði yfir á Þjóðminjasafnið, eins og nú stendur til að gera, heldur en að búa til sérstaka stjórnslu og minjavörslustofnun, Minjavernd ríkisins, þar sem skilin milli stjórnslu og rannsókna væru skýr. Ef minjaverðir eiga að verða starfsmenn Þjóðminjasafnsins þarf að gæta að því að staða safnsins sem rannsóknarstofnun verði ekki í hættu vegna þess. Það er varla ætlun löggjafans að safnið verði ásamt með Fornleifaverndinni, gert að stjórnslustofnun. Aðkoma minjavarða að stjórnslunni og verklag milli þeirra og Fornleifaverndar hlýtur því að breytast. Minjaverðir munu þá fyrst og fremst vinna málin heima í héraði, ekki sem eiginleg stjórnslu, heldur sem ráðgjafar Fornleifaverndar.

Látum þetta duga að sinni, en vilji menn ræða málin frekar erum við ávalt tilbúin til þess.

Með bestu kveðjum.

Þór Hjaltalín,
minjavörður
Norðurl. vestra

Sigurður Bergsteinsson,
minjavörður
Norðurl. eystra

Guný Zoëga,
minjavörður
Austurlands

Alþingi
Erindi nr. P 128/845
komudagur 15.1.2003

Egilsstöðum 15.01.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001 (þskj.435-382 mál).

Sú grein frumvarpsins sem mestu breytir fyrir starfsemi minjavarða á landsbyggðinni er fjórða grein þar sem lagt er til að minjaverðir flytjist frá Fornleifavernd ríkisins yfir til Þjóðminjasafns Íslands. Ég vísa til þeirra athugasemda sem minjaverðir sendu menntamálanefnd 2. desember 2002 og vil sérstaklega ítreka þá hugmynd að þær stofnanir og málaflokkar sem telja má til minjavörslu verði sameinaðar í eina öfluga minjaverndarstofnun.

Í núverandi þjóðminjalögum er skýrt kveðið á um aðskilnað stjórnsýslu og rannsókna sem unnar eru á samkeppnismarkaði. Með flutningi minjavarða yfir til Þjóðminjasafns kunna því að koma upp ýmis þau vandamál sem lögum var ætlað að koma í veg fyrir.

Þegar undirrituð hóf störf sem minjavörður á Austurlandi 1998 hafði þar verið starfandi minjavörður við Safnastofnun Austurlands í yfir 20 ár. Stofnun Safnastofnunar Austurlands var, á sínum tíma, mikið frumkvöðlastarf og var stofnunin nokkurskonar sameiningaraðili safna sem mótaði heilsteypa safnastefnu fyrir fjórðunginn. Starfsmaður stofnunarinnar sá einnig um almenna minjavörslu. Staða minjavarðar við stofnunina var kostuð af sveitarfélögum á Austurlandi og að hluta til með ríkisframlagi. Árið 1996 varð þessi minjavörður alfarið starfsmaður Þjóðminjasafns. Afskipti minjavarðar af starfsemi safna minnkaði en stjórnsýsluþáttur minjavörslunnar varð æ fyrirferðarmeiri. Þetta er í samræmi við það gjörbreytta umhverfi sem söfnin búa nú við. Flest eru söfnin komin með sterkari fjárhagslegan grundvöll og hafa á að skipa sérhæfðum starfsmönnum. Minjavörður þarf því ekki að vera leiðbeinandi um almennt safnastarf á sama hátt og áður var en nauðsynlegt er þó fyrir minjaverði að vera í góðum tengslum við söfnin. Minjaráðin eru kjörinn vettvangur slíkrar samvinnu auk þess að vera grundvöllur fyrir samvinnu safna innan hvers minjasvæðis.

Breytt lagaumhverfi hefur einnig valdið því að umhverfis-, skipulags- og byggingamál eru orðnir umfangsmeiri málaflokkar innan minjavörslunnar og hafa minjaverðir þar mikilvægu ráðgjafa- og eftirlitshlutverki að gegna. Almenn minjavarsla á minjasvæðum s.s. eftirlit með fornleifum, gerð minjaverndaráætlana, merkingar og kynningar minja, umsjón með húsum og önnur héraðsbundin verkefni eru einnig forgangsverkefni innan minjavörslunnar. Verkefni minjavarða eru því ærin en skortur á fjárveitingum hamlaði mjög starfi þeirra þetta fyrsta ár nýrrar stofnunar.

Ég geri einnig athugasemdir við þær menntunarkröfur sem gerðar eru til minjavarða í fjórðu grein frumvarpsins. Í núgildandi lögum er gerð krafa um próf í fornleifafræði eða menningarsögu en einungis er krafist háskólaprófs og þekkingar á menningarsögu í breytingartillögum. Þau verkefni sem minjaverðir sinna, s.s. ráðgjöf og eftirlit vegna

skipulags- og byggingamála, mats á umhverfisáhrifum, framkvæmdaefirlit, neyðarrannsóknir og fornleifaskráningar, krefjast fornleifafræðimenntunar eða víðtækrar þekkingar og reynslu í fornleifafræði.

Ég hef ekki athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Guðný Zoëga
minjavörður Austurlands

Umsögn
um frumvarp til laga
um breyting á Þjóðminjalögum, nr. 107/2001
(Þskj. 435 – 382 mál)

Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra

Það sem mestum tíðindum sætir í frumvarpi þessu er 4 grein þess, þar sem kveðið er á um minjaverði og flutning þeirra frá Fornleifavernd yfir til Þjóðminjasafns. Ákvæði þetta snertir í raun í grundvallaratriðum hvernig minjavarslan skuli skipulögð til framtíðar. Undirritaður, ásamt minjaverði Norðurlands eystra og minjaverði Austurlands sendu inn athugasemdir til menntamálanefndar (dags. 2. des. 2002) og er þar í stuttu máli gerð grein fyrir viðhorfum okkar. Ég vil hins vegar nota tækifærið hér til að hnykkja á ýmsu sem ég vona að geti orðið lagasmíðum að gagni.

Minjavarsla á Íslandi hefur tekið verulegum breytingum síðasta áratuginn. Munar þar mest um ný skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Skylt er lögum samkvæmt að skrá og taka tillit til minja þegar svæði eru skipulögð og er mikilvægt fyrir minjavörslu og sveitarstjórnir að eiga um það gott samstarf. Sömuleiðis þarf minjavarslan að eiga gott samstarf við aðila sem standa í framkvæmdum af ýmsu tagi og má sem dæmi nefna Vegagerðina, orkufyrirtæki, skógræktarfélag og ekki sist bændur almennt, svo dæmi sé tekið. Þetta aukna stjórnsýslu- og leiðbeiningarhlutverk tók sífellt meira rúm á undirmannaðri fornleifadeild Þjóðminjasafnsins og oft var erfitt að sinna því sem skyldi. Það var því stigið mikið framfaraskref í minjavörslu þegar ráðnir voru landshlutaminjaverðir til að m.a. taka að sér þessi verkefni úti á landsbyggðinni. Þeir rækta persónuleg tengsl við sveitarstjórnir og framkvæmdaraðila hver á sínu svæði auk þess sem þeir með tímanum byggja upp mikilvæga þekkingu á því minjasvæði sem þeir starfa á. Með nýjum þjóðminjalögum nr. 107/2001 voru það einmitt þessi verkefni sem Fornleifavernd ríkisins skyldi fara með, í raun framkvæmd þjóðminjalaga. Það var því engin tilviljun að minjaverðir voru taldir eiga best heima á þeirri stofnun. Þetta er eitt megin hlutverk minjavarða úti á landi og ef það fellur niður vegna þeirra lagabreytinga sem nú liggja fyrir þá tel ég þetta ekki til góðs fyrir minjavörsluna í landinu. Minjaverðir verða að hafa skýrt umboð til að fara með þessi verkefni. Ef hægt er að tryggja það með einhverjum hætti (t.d. í reglugerð), hvort heldur þeir eru á Fornleifavernd eða Þjóðminjasafni, þá þarf ekki að hafa frekari áhyggjur af þessum flutningi. Sú spurning hlýtur hins vegar að vakna hvernig þetta geti orðið í framkvæmd ef minjaverðir færast yfir á Þjóðminjasafn. Eitt megin markmið þjóðminjalaga nr. 107/2001 var að skilja á milli stjórnsýsluhlutverks Þjóðminjasafnsins og rannsókna, með því að setja á stofn Fornleifavernd ríkisins. Ef minjaverðir eiga nú sem starfsmenn Þjóðminjasafns að fara með stjórnsýslu (þ.e. verkefni Fornleifaverndar), er Þjóðminjasafnið þá ekki á ný komið beggja vegna borðs, þ.e. sem leyfisveitandi og umsagnaraðili og sem framkvæmdaraðili? Það sem ég óttast mest við flutning minjavarða yfir til Þjóðminjasafns eru þær lagaflækjur og óvissa sem af þeirri breytingu getur orðið.

Þó að verkefni Fornleifaverndar séu óþrjótandi úti á landi, þá þrengdist starfssvið minjavarða töluvert eftir að Þjóðminjasafninu var skipt upp. Mikilvægir málaflokkar, sem minjaverðir höfðu áður afskipti af, urðu útundan. Með framkomnu frumvarpi núna er leitast við að ráða bót á því og er það fagnaðarefni. Í mínum huga er hins vegar til mun einfaldari leið til þess og ég vil mæla eindregið með. Hún er sú að sameina þessar „örstofnanir“ sem fara með minjavörslu í landinu undir eina sæmilega burðuga stofnun – Minjavernd ríkisins. Þessi stofnun færi þá með minjavernd (útiminjar) og stjórnsýslu en Þjóðminjasafn Íslands væri höfuðsafn á sviði safnamála. Nú nýlega varð til stofnun, Umhverfisstofnun, þar sem ýmsar stofnanir voru sameinaðar, þar sem fyrrum forstöðumenn voru gerðir að sviðsstjórum og er þar komið gott fordæmi. Undir *Minjavernd ríkisins* ættu eftirfarandi verkefni að heyrja:

- Fornleifavernd ríkisins og öll verkefni hennar. Þar með talið gripir í kirkjum (útiminjar), enda næg þekking fyrir hendi á þessari stofnun til að annast um þessa gripi, bæði sagnfræðingar, fornleifafræðingar og forvörður. Svo er auðvitað hægast fyrir þá stofnun sem hefur net starfsmanna úti um landið að sjá um þessa gripi, og ekki síst þegar þeir eiga að sjá um kirkjubyggingarnar og kirkjugarðana.
- Húsafríðunarnefnd ríkisins. Minjaverðir hafa einnig ýmsar skyldur í sambandi við framkvæmd laga um húsafríðun.
- Húsasafn Þjóðminjasafnsins (útiminjar). Eitt megin hlutverk „Minjaverndar ríkisins“ væri að fást við hús og verndun þeirra. Þar verður því mesta þekkingin. Sömu leiðis eru þessi hús dreifð um land allt og í raun sjálfsagt að íslenska ríkið noti þessa starfsmenn sína (minjaverði), til að hirða um þessar eigur sínar úti á landi. Auk þess eru skilin milli fornleifa og húsa (sérstaklega torfbæja) oft á tíðum óljós.
- Örnefnastofnun. Minjaverðir ættu að láta söfnun örnefna til sín taka. Örnefnaskrár stofnunarinnar eru einnig einn mikilvægasti grunnur að skráningu fornleifa.

Þessi skipting milli safnastarfssemi og minjavörslu eru mjög í anda þeirra þjóðminjalaga sem sett voru (107/2001), en að mínu mati (úr því ákveðið var að skipta Þjms. upp með þessum hætti) þá var skrefið aldrei tekið til fulls. Markmiðið var að skilja stjórnsýsluna frá annarri starfssemi safnsins, en það hefði átt að ganga alla leið og búa til burðuga minjavörslu og stjórnsýslustofnun. Með því væri jafnframt búið að sameina á einn stað öll mikilvægustu verkefni minjavarða úti á landi og einfalda hlutina verulega gagnvart þeim. Skilin eru skýr; milli *stjórnsýslu* og *leyfisbundinna rannsókna* og svo *inniminja* og *útiminja*.

Það sem fellur undan minjavörðunum er þá fyrst og fremst það sem heyrir undir almenna safnastarfssemi, en þar er þörfin e.t.v. minnst, því þeim málaflokki er ágætlega sinnt af byggðasöfnum í landinu. Verkefni minjavarða á minjasvæðunum væru mjög víðtæk og einmitt á þeim sviðum þar sem þörfin er mest. Þó að minjaverðir fari með stjórnsýslu, þá verður ekki eina hlutverk þeirra að vera einhverskonar „minjalöggur“. Sjálfur get ég nefnt ýmisskonar rannsóknarverkefni sem ég vinn að um þessar mundir sem starfsmaður Fornleifaverndar, t.d. skrif í ritröðina *Kirkjur Íslands*, rannsóknir í tengslum við úttekt friðlýstra minja, byggingasögulega rannsókn á Nýjabæ á Hólum, úrvinnsla neyðarrannsókna í

Keldudal í Skagafirði, svo fátt eitt sé nefnt. Sömuleiðis myndi umhirða og umsýsla með húsum taka töluverðan tíma. Minjavarsla felur í sér rannsóknir á ýmsum sviðum, sömuleiðis í tengslum við skipulagsmál, merkingar minjastaða og fleira. Verkefni eru í raun óþrjótandi, en minjaverðir geta orðið mikil lyftistöng í menningarmálum á landsbyggðinni, m.a. í tengslum við skipulag menningartengdar ferðaþjónustu.

Við aðrar greinar frumvarpsins geri ég ekki athugasemdir.

Glaumbæ, 14. janúar 2003



Þófr Hjaltalín

Minjavörður Norðurlands vestra.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

Háttvirt menntamálanefnd Alþingis

Í athugasemdum þeim sem fylgja með frumvarpinu koma fram helstu ástæður þess að nauðsynlegt er talið að breyta núgildandi þjóðminjalögum. Undirritaður er sammála því að breytinga er þörf,- ekki síst hvað varðar starfssvið minjavarða.

Það er skilningur undirritaðs að minjaverðir eigi að halda áfram að sinna fornminjapætti minjavörslunnar, þó að umrætt frumvarp verði samþykkt og minjaverðir færast frá Fornleifavernd ríkisins yfir á Þjóðminjasafn Íslands. Aðkoma minjavarða að fornleifavörslunni myndi þá breytast þannig að í stað þess að vera sá aðili sem tekur ákvarðanir um aðgerðir í fornleifavörslu vegna framkvæmda sem gætu skaðað fornleifar, myndu þeir gera rökstuddar tillögur um aðgerðir. Tillögurnar væru sendar til Fornleifaverndar ríkisins, sem tæki ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli þeirra. Fornleifaverndin gæti hafnað tillögu, krafist frekari upplýsinga eða samþykkt tillöguna með eða án einhverra breytinga. Minjaverðir hafa með þessu móti ekki endanlegt stjórnarsýsluvald um aðgerðir í fornminjavörslu og geta þar með tekið þátt í þeim aðgerðum sem Fornleifavernd ríkisins ákveður að nauðsynlegar séu, ef því er að skipta. Mikilvægt er að ofanritað ásamt öðrum þáttum er varða starfssvið minjavarða verði gerð góð skil í reglugerð, sb. 4. gr. Frumvarpsins. Að öðru leiti vísast hér til hugmynda um módel fyrir minjavörsluna, sem undirritaður ásamt minjavörðum Norðurlands vestra og Austurlands hafa sent menntamálanefnd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.


4.gr. Hér er m.a. lagt til að hæfiskilyrði minjavarða verði breytt. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að þetta sé lagt til vegna breytts hlutverks minjavarða. Það er skilningur undirritaðs að fornleifavarsla verði áfram mikilvægur þáttur í starfi minjavarða þó umrætt frumvarp verðir samþykkt. Starfsvið minjavarða þrengdist við gildistöku nágildandi laga en frumvarpið gerir ráð fyrir að það breikki aftur og nágist fyrra horf. Hæfnikröfur minjavarða er það sama í nágildandi þjóðminjalögum og þjóðminjalögum frá 1989. Það er því órökrétt að minka hæfnikröfurnar og réttast að breyta þeim ekki.

5.gr. Auk þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til í þessari grein telur undirritaður að gera ætti eftirtaldar breytingar.

Orðinu “Búsetulandslag” í lið a. verði sleppt. Engin skilgreining er til á hugtakinu “búsetulandslag” en samkvæmt orðsins hljóðan þá mætti skilgreina það sem landslag sem mótast hefur vegna búsetu og athafna manna. Samkvæmt þessari skilgreiningu væri t.d. breyting á gróðurfari vegna búsetu eða athafna manna “búsetulandslag”. Með þessu móti mætti rökstyðja að nánast allt landið væri búsetulandslag, e.t.v að frátöldum einhverjum söndum og jöklum. Skilgreining á því hvað teljist til fornleifa skv. Þjóðminjalögum hlýtur að teljast fullnægjandi þó þessu orði verði sleppt.

Undirritaður telur einnig til að sá aldur minja sem notaður er til að skilgreina fornleifar í síðustu málsgrein 9. gr. Þjóðminjalaganna sé óheppilegan. Með því að miða við 100 ár bætist fjöldi minja í hóp fornleifa á hverju ári. Brátt fara girðingastaurar, gaddavír og annað þess háttar að teljast til fornleifa. Í ljósi þessa og því að lögin gera jafnframt ráð fyrir því að heimilt sé að friðlýsa yngri minjar leggur undirritaður til að miðað verði við minjar sem eru eldri en ákveðið ártal, t.d. 1900.

Virðingarfyllt



Sigurður Bergsteinsson

Mínjavörður Norðurlands eystra
Aðalstræti 58
600 Akureyri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/791
komudagur 17.1.2003



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða
Ráðhúsinu
340 Stykkishólmur
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Stykkishólmur 14. janúar 2003

Umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, nr. 107/2001, 382 mál, verkaskipting,
minjaverðir o.fl.


Undirritaður hefur tvær athugasemdir við þetta frumvarp.


Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að minjaverðir verði starfsmenn þjóðminjasafnsins. Vekur það upp þá spurningu hvort stjórnsýsluhlutverk minjavarða flytjist með þeim, og heftir það þá ekki rannsóknarstarf þjóðminjasafnsins.

Í annarri málsgrein er feld niður sú krafa að minjaverðir skuli hafa fornleifafræðimenntun. Telur undirritaður það ámælisvert því að sérfræðimenntun þarf að vera til staðar ef eftirlit á að hafa á fornminjum og fornminjavörslunni almennt.

Að svo stöddu gerir undirritaður ekki fleirri athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllt


Magnús A. Sigurðsson



Alþingi
Erindi nr. P 128/880
komudagur 29.1.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Menntamálanefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. janúar 2003

Sam 023/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. janúar, var samþykkt að senda menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um þjóðminjalög, 382. mál, þrátt fyrir að sambandinu hafi ekki verið sent frumvarpið til umsagnar.

Í umsögninni kemur m.a. fram að það sé mjög sérkennilegt að sambandinu sem sameiginlegum málsvara sveitarfélaganna í landinu, sbr. 87. gr. sveitarstjórnarlaga, skuli ekki hafa verið sent frumvarpið til umsagnar.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðminjalög, 382. mál.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, 382. mál, þrátt fyrir að ekki hafi verið leitað umsagnar sambandsins um málið. Það er mjög sérkennilegt að sambandinu, sem er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu sbr. 87. gr. sveitarstjórnarlaga, skuli ekki hafa verið send umsagnarbeiðni um þetta mál sem varðar öll sveitarfélög.

Leiðrétting á fjárhagslegri ábyrgð á fornleifaskráningu

Lagt er til að 2. mgr. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 orðist svo: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal Fornleifavernd ríkisins eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það.“

Við setningu gildandi þjóðminjalaga var tekið upp ákvæði í 2. mgr. 11. gr. sem leggur skyldu á sveitarfélög að greiða kostnað vegna skyldubundinnar fornleifaskráningar í tengslum við gerð skipulags. Þessari breytingu var mótmælt af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í umsögn til menntamálanefndar, sbr. bréf dags. 25. janúar 2001, um frumvarp til þjóðminjalaga sem síðar varð að lögum nr. 107/2001. Í umsögninni sagði að umrædd lagabreyting leiddi til þess að sveitarfélögin beri allan kostnað við skráningu fornminja í landinu í stað ríkistofnana sem fara með málefni fornminja. Ennfremur sagði í umsögninni að um væri að ræða breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem fjalla þyrfti um sérstaklega áður en nýjar lagaskyldur yrðu lagðar á sveitarfélögin.

Frá setningu laganna hafa fjölmörg sveitarfélög og samtök þeirra mótmælt þeim kostnaðarauka sem þau hafa orðið fyrir í framhaldi af gildistöku laganna þótt hann sé aðeins að litlu leyti kominn fram. Benda má á að samkvæmt bráðabirgðaákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag fyrir ársbyrjun árið 2008. Sveitarfélög munu bera verulegan kostnað af fornleifaskráningu á næstu árum verði ekkert að gert. Samband íslenskra sveitarfélaga hafa borist upplýsingar um þann raunverulega kostnað sem sveitarfélög þurfa bera vegna lagabreytingarinnar frá 2001. M.a. má nefna bréf frá Héraðsnefnd Þingeyinga, dags. 18. desember 2001, þar sem fjallað er um fjölda fornleifastaða og kostnað við skráningu þeirra m.a. með hliðjón af upplýsingum frá Fornleifastofnun Íslands. Þar kemur m.a. fram að áætlað er að 4443 fornleifastaðir séu í Þingeyjarsveit. Kostnaður við að ljúka aðalskráningu og svæðisskráningu þessara fornleifa er áætlaður 19 milljónir. Ef þessi kostnaður er borinn saman við íbúafjölda er hann 25.000 kr. á hvern íbúa í sveitarfélaginu. Ljóst er kostnaður við skráningu fornleifa leggst með afar mismunandi hætti á



sveitarfélög, t.a.m. með tilliti til landstærðar og byggðasögu, hins vegar eru fornleifar sameiginlegur arfur þjóðarinnar og því eðlilegt að ríkissjóður beri kostnað af skráningu þeirra.

Bent er á að í athugasemdum við 11. gr. laga í frumvarpi því sem varð að þjóðminjalögum sagði: *Greinin fjallar um skráningu og meðferð fornleifa. Svo sem kveðið er á um í núgildandi lögum skal fornleifaskráning fara fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Í greininni er skýrt kveðið á um hver eigi að bera kostnað af fornleifaskráningu. Er þetta ákvæði í samræmi við þróun undanfarinna ára þar sem sveitarfélög hafa borið þennan kostnað. Af þessum orðum greinargerðarinnar mátti draga þá ályktun að í samþykkt 11. gr. hafi ekki falist breyting á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er hins vegar ekki rétt enda kom það skýrt fram í þeim þjóðminjalögum sem áður giltu að þjóðminjasafn bæri ábyrgð á skráningu fornleifa, m.a. á skipulagsskyldum svæðum, en þá í samvinnu við sveitarfélög, sbr. 18. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þó svo að þjóðminjasafnið hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að skrá fornleifar og að sveitarfélög hafi þess vegna tekið það að sér sjálfviljug til að uppfylla lagaskyldur um skipulagsgerð þýðir það ekki að þar með hafi þau tekið að sér með almennum hætti að bera kostnað af skráningunni.*

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að verulegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga án þess að fylgt hafi verið þeim samstarfsramma sem sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þar sem frumvarp til breytinga á þjóðminjalögum er nú til meðferðar er nauðsynlegt að leiðrétta kostnaðarlega ábyrgð á fornleifaskráningu til samræmis við það sem áður gildi.

Í bréfi menntamálaráðherra til Héraðsnefndar Þingeyinga, dags. 21. janúar 2002, kemur fram að ráðuneytið telji að engin efnisleg breyting hafi orðið með nýjum þjóðminjalögum, nr. 107/2001, hvað varðar kostnað við skráningu fornleifa. Sambandið hefur, með bréfi 30. október 2002, leitað skýringa menntamálaráðuneytisins á því með hvaða hætti sveitarfélögin geti komist hjá þeim kostnaðarauka sem þau hafa til þessa talið sig verða fyrir í framhaldi af samþykkt laga nr. 107/2001. Því umrædda bréfi hefur menntamálaráðuneytið ekki svarað. Yfirlýsing menntamálaráðuneytisins er mjög þýðingarmikil og með vísan til hennar mun sambandið innan tíðar koma því á framfæri við sveitarfélögin að þau eigi ekki að bera kostnað af fornleifaskráningunni. Í ljósi þeirrar skoðunar menntamálaráðuneytisins, að engin efnisleg breyting hafi orðið á kostnaði við skráningu fornleifa við lagabreytinguna 2001 er jafnframt afar mikilvægt að leiðrétta kostnaðarlega ábyrgð á fornleifaskráningu til samræmis við það fyrirkomulag sem gildi fyrir lagabreytinguna 2001.

Um 8. gr.

Lagt er til að hafnar- og dýpkunarframkvæmdum verði ekki bætt í hóp þeirra framkvæmda sem Fornleifavernd ríkisins getur ákveðið hvort og hvenær



framkvæmdir meggi hefjast og með hvað skilmálum, sbr. 14. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Hafnarframkvæmdir, að meirihluta, og dýpkunarframkvæmdir, að öllu leyti, fara fram á hafsvæði en ekki á landi. Það eru því verulega litlar líkur á því að fornminjar séu á viðkomandi svæðum og því er breyting þessi óþörf. Bent er á að framkvæmdaraðili á að greiða kostnað vegna athugana á fornleifum sem finnast á framkvæmdasvæði. Ef til þess kæmi að fornleifar væru á svæði hafnar- og dýpkunarframkvæmda yrði kostnaður vegna athugana á fornleifafundi neðansjávar verulegur og hann legðist á hafnaryfirvöld sem starfa á vegum sveitarfélaga. Lagt er gegn möguleikum á slíkri kostnaðaraukningu sveitarfélaga. Að sama skapi er bent á gríðarlegan kostnaðarauka Fornleifaverndar ríkisins vegna frumathugana neðansjávar vegna hafnar- og dýpkunarframkvæmda sem stofnunin ber kostnað af.

Niðurstaða

Lagt er til að frumvarpinu verði breytt þannig:


- Að kostnaðarleg ábyrgð á skráningu fornleifa verði breytt til samræmis við það fyrirkomulag sem gildi fyrir lagabreytinguna 2001.
- Að hafnar- og dýpkunarframkvæmdum verði ekki bætt í hóp þeirra framkvæmda sem Fornleifavernd ríkisins getur ákveðið hvort og hvenær framkvæmdir meggi hefjast og með hvað skilmálum, sbr. 14. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Að teknu tilliti til framangreindra athugasemda er mælt með samþykkt frumvarpsins.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 24. janúar 2003.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/933
komudagur 7.2.2003



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 3. febrúar 2003.

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting,
minjaverðir o.fl.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 30. janúar s.l.,
var tekið fyrir erindi yðar dags. 11. desember 2002 þar sem óskað var umsagnar um
frumvarp til þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting, minjaverðir o.fl.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin gerir ekki athugasemd við frumvarpið”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Menntamálanefnd
Helga Þórisdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabæ 14. janúar 2003

Tilvísun: 2002120015

Efni: Umsögn um frumvarp til þjóðminjalaga, 382. mál, verkaskipting, minjaverðir o.fl.

Óskað hefur verið umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál.

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar í frumvarpinu. Þó er vakin athygli á orðunum „minningarmörk í kirkjugörðum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna, en þar þarf að gæta samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til við 20. - 22. gr. laganna.

Það er mat Þjóðminjasafns Íslands að umræddar breytingar, sem lagðar eru til í framvarpi til þjóðminjalaga, 382. mál, séu til bóta og skerpi á verkaskiptingu Þjóðminjasafnsins og Fornleifaverndar ríkisins.

Með virðing og virðing

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður